

Bstj. 17. ágúst 2011

**Borgarstjórn Reykjavíkur 17. ágúst 2011**

**Forseti:** Settur er fundur í borgarstjórn fyrsta og eina mál á dagskrá er frumvarp að 3ja ára áætlun Reykjavíkurborgar 2012-2014; síðari umræða. Fyrstur á mælendaskrá er borgarstjóri.

Bstj. 17. ágúst 2011

**1. mál Frumvarp að þriggja ára áætlun Reykjavíkurborgar 2012-2014; síðari umræða**

**Borgarstjóri Jón Gnarr:** Virðulegi forseti, ágætu borgarfulltrúar. Við hefjum nú seinni umræðu um 3ja ára áætlun Reykjavíkurborgar sem er nú lögð fram hér til samþykktar. Ég fór nú yfir þetta í fyrri umræðunni í mjög löngu og ítarlegu máli. Hyggst ekki gera það aftur, en ég fór mjög ítarlega yfir áætlunina og ég vil líka benda á, eins og ég benti á og fleiri, að við erum að verða við kröfu og þessi áætlun er bara framreikningur á fjárhagsáætlun og er alls ekki neitt gríðarlega mikið upplýsingasafn um framtíðina – ekki raunhæft. Enda er mjög erfitt að spá um framtíðina við núverandi aðstæður og hefur verið allt frá hruni. Þannig að ég ætla nú ekki að hafa þetta mikið lengra og legg svo til að áætlunin verði samþykkt.

**Forseti:** Þá hefur borgarstjóri lokið máli sínu. Næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir.

## **1. mál Frumvarp að þriggja ára áætlun Reykjavíkurborgar 2012-2014; síðari umræða**

**Sóley Tómasdóttir:** Forseti, góðir borgarfulltrúar. Það stefnir nú sennilega ekki í langan fund enda fátt sem við höfum hér að ræða, en það hefði verið afskaplega gaman að hafa eitthvað hér í höndunum í dag til þess að skapa frjóar umræður og velta upp ólíkri hugmyndafræði og ólíkri stefnu, ólíkri nálgun og ólíkri forgangsröðun á næstu þremur árum. Við hefðum getað rætt það hvert við stefnum á næstu árum. Við hefðum getað tekist á um hvaða verkefni væru mikilvægust og hver þeirra væru jafnvel mikilvægari en önnur. Nú, við hefðum getað tekist á um það hvernig við hyggjumst afla fjár. Hvernig á að stuðla að áframhaldandi þróun og eflingu núverandi verkefna og hvað við getum gert sem höfuðborg til þess að leggja eitthvað af mörkum þannig að landið vinni sig út úr kreppunni sem að við göngum í gegnum núna.

Við hefðum getað velt upp spurningum á borð við – hvað er verðmæti? Hvað er fjárfesting? Hvað er það sem raunverulega skiptir máli í dag, á næsta ári og hvað er það sem skiptir máli til langrar framtíðar. Eru það gatnamót eða hjólreiðastígar, húsnæði eða listir eða menning. Er það uppeldi og menntun. Er það umhverfi, loftslag, fyrirtækjamenning eða skipulag. Hvað skiptir mestu máli og hvað skiptir minnstu máli. Hvernig ætlum við að blanda þessu saman og hvaða áherslur ætlum við að leggja. Við hefðum getað tekið hér þátt og rætt saman á dýnamískan hátt, bæði hér og á öðrum vettvangi í annars konar kannski smærri hópum. Það hefði verið æskilegt að borgarstjórn hefði reynt að koma sér saman um einhvers konar meginlínur, einhvers konar aðgerðaráætlun, einhverjar grunnlínur sem borgarbúar hefðu getað stólað á óháð pólitískum vindum. Svo hefðum við getað tekist á um það sem við erum ekki sammála um.

Við Vinstri græn hefðum svo sannarlega sagt okkar skoðun á fjárhagsáætlun til 3ja ára. Við hefðum lagt áherslu á okkar hugsjónir, okkar hjartans mál – um velferð, umhverfi og mannréttindi. Við eru reiðubúin í alla þá vinnu sem raunveruleg áætlun krefst og við munum tala fyrir þessum hugsjónum okkar í því ferli. Kreppan er ekkert búin það er alveg ljóst og þess vegna er fjárhagsáætlunarvinnan talsvert basl. Hún krefst skapandi hugmynda og kjarkmikils fólks til þess að fylgja henni eftir. Það verður að tryggja að allir

Bstj. 17. ágúst 2011

borgarbúar geti lifað með reisu, að uppeldi og menntun líði ekki fyrir fjárskort og að mannréttindi séu virt. Borgarumhverfið á að vera hreint og framkvæmdir eiga að miðast að viðhaldi umfram nýframkvæmdir, vistvænar samgöngur umfram einkabíla. Við verðum að leita ráða til að halda áfram þróunarstarfi, viðhalda sköpunargleði og metnaði starfsfólks og borgarbúa og tryggja sem allra flest störf, bæði á vegum borgarinnar, en jafnframt í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir í borginni. Þetta er hægara sagt en gert, ég viðurkenni það vel. En ég gefst ekki upp gagnvart viðfangsefninu og ekki heldur félagar mínir úr röðum Vinstri grænna. Við erum tilbúin til þess að takast á við þetta brýna verkefni og höfum verið allt frá upphafi kjörtímabilsins.

Forseti, 3ja ára áætlunin er mikilvægt hagstjórnartæki. Hún njörvar niður hugmyndir og endurspeglar stefnu. Það er ekki bara mikilvægt fyrir okkur borgarfulltrúa eða embættismenn heldur skiptir það sköpum fyrir lýðræðið. Stundum finnst mér eins og borgarfulltrúar meirihlutans átti sig ekki á hlutverki sínu gagnvart borgarbúum. Eins og þeir haldi að þeir megi bara gera það sem að þeim hentar, þegar þeim hentar og svo sjáum við til eftir fjögur ár. Það er bara alls ekkert þannig. Í lýðræðissamfélagi skiptir opið og gegnsætt ákvörðunartökuferli miklu máli. Samræður eru lykilatriði og áætlanir til lengri og skemmri tíma eru nauðsynlegar. Eigi borgarbúar að geta haft áhrif á það sem er að gerast, sagt sína skoðun og breytt, verða kjörnir fulltrúar að veita upplýsingar, tala við fólk og vega og meta hvern kost gaumgæfilega.

Á kjörtímabilinu hefur það ítrekað gerst að tillögum er varpað fram með skömmum eða jafnvel engum fyrirvara og afgreiddar með hraði, án kynningar, án samráðs og án umsagna. Án þess að kostum og göllum sé velt upp og án þess að þar liggi þarfagreining vegna málsins. Besta eða öllu heldur versta dæmið eru sameining leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila og stofnun skóla- og frístundasviðs í kjölfarið. Handabakavinnubrögð í því verki voru fordæmalaus og eiga því miður eftir að hafa áhrif, bæði á líðan og upplifun borgarbúa af störfum og verkum borgarfulltrúa, en þó mest á þetta að sjálfsögðu eftir að bitna á börnunum í borginni. Í leik- og grunnskólum og á frístundaheimilum borgarinnar ríkir enn mikil óvissa og megn óánægja. Eins og við vitum öll þá skiptir líðan og ánægja starfsfólks langmestu máli þegar að kemur að upplifun barnanna. Það er

Bstj. 17. ágúst 2011

Óásættanlegt með öllu að þetta klúður meirihlutans skuli þurfa að bitna á þeim. Það er líka óásættanlegt að meirihlutinn hyggist halda uppteknum hætti. Að borgarfulltrúar meirihlutans skuli ekki sýna borgarbúum þann sóma að upplýsa um áætlanir sínar til framtíðar og vera reiðubúnir í rökræður um forgangsröðun og áherslur. Slíkt á ekki að gerast í lýðræðissamfélagi.

En forseti ég ætla ekki að hafa þetta lengra. Eins og ég sagði áðan að þá er fátt hægt að segja um áætlun sem inniheldur ekki neitt. Hér hefur ekki gefist neitt tilefni til efnislegrar umræðu um það sem að stendur í plagginu, því miður. Ég ætla bara að ljúka máli mínu með því að ítreka vonbrigði mín og okkar Vinstri grænna með slæleg vinnubrögð og hvetja meirihlutann til þess að taka sig taki og fara að vinna hlutina með ásættanlegum hætti.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir lokið máli sínu. Næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Óttarr Ólafur Proppé.

Bstj. 17. ágúst 2011

## **1. mál Frumvarp að þriggja ára áætlun Reykjavíkurborgar 2012-2014; síðari umræða**

**Óttarr Ólafur Proppé:** Virðulegi forseti, ástkæra borgarstjórn, aðrir áheyrendur. Við erum hér komin saman í annarri umræðu um þriggja ára áætlun Reykjavíkur fyrir árin 2011-2014. Það kom fram við fyrri umræðu að þessi þriggja ára áætlun er fyrst og fremst uppreiknuð út frá endurskoðaðri fjárhagsáætlun fyrir árið 2011, að teknu tilliti til uppgjöra borgarsjóðs og Orkuveitu Reykjavíkur. Þessi háttur hefur verið hafður á frá hruni vegna þess hve erfitt hefur verið að sjá fyrir þróun efnahagsmála.

Ég studdi fjárhagsáætlun fyrir árið 2011 og finnst hún góð. Enda sýna uppgjör að sviðum borgarinnar gangi flestum þokkalega að haldi áætlun. Á víðsjárverðum tímum í efnahagsmálum eins og við lifum núna er það jákvætt og langt í frá sjálfgefið. En fjárhagsáætlun 2011 var enginn draumaáætlun. Hún innihélt ekki allt það skemmtilega og mikilvæga sem gaman væri að sjá í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar. Fjárhagur borgarinnar er í bullandi vörn. Fjárhagsáætlun 2011 inniheldur hvorki stórauknar fjárheimildir til menntamála, skattalækkunar, þéttriðið net hjólreiðastíga né skemmtigarð í Vatnsmýri. Fjárhagsáætlun fyrir 2011 spilar úr þeim spilum sem okkur voru gefin. Fylla þurfti upp í fimm milljarða króna gat, það er að segja fimm þúsund milljónir. Það munar um minna. Aðstæður haga því svo að fjárhagur borgarinnar einkennist fyrst og fremst af ráðdeild og hagsýni.

Þriggja ára áætlun núna er miðuð beint út frá þessum aðstæðum. Til allrar hamingju lítur út fyrir að tekjur borgarinnar verði stöðugri næstu árin og vonandi réttir úr kútnum fyrr en síðar. Þess mun vonandi sjá merki í fimm ára áætlun sem verið er að undirbúa. Eins og hér kom fram í fyrri umræðu er vinnan við fimm ára áætlun flókin á þessum óvissutímum. Því er mikilvægt að styðjast við vandaðar greiningar og taka tillit til ólíkra sviðsmynda við þá vinnu. Starfsfólk Reykjavíkurborgar stendur sig af mikilli þryði við erfiðar aðstæður og hér er sérstök ástæða til að þakka sérstaklega fyrir góða og mikla vinnu starfsfólks fjármáladeildar.

Í sumar hef ég verið svo heppinn að hitta fullt af alls konar fólki. Til allrar hamingju hafa margir viljað ræða við mig um borgarmálin. Fólk skilur að staðan

Bstj. 17. ágúst 2011

er erfið. Það er ekkert leyndarmál. En við Íslendingar erum upp til hópa rólegheita fólk og æðrulaust. Við gerum okkur grein fyrir þeim takmörkunum sem við búum við. Það sagði við mig gamall maður: „Að það sem skipti mestu máli væri að taka á málum af ábyrgð og spila sem best úr þeim spilum sem maður hefur, jafnt þótt það virðist vera eintómir hundar.“

Stundum hefur verið sagt að maður eigi að óska sér að upplifa merkilega tíma. Í þeirri merkingu að víðsjárverðir tímar og miklar breytingar, hvort sem er til góðs eða ills, séu í það minnsta áskorun frekar en vandamál. Það á aldeilis við um þá tíma sem við lifum þessa dagana. Það er því ólíklegt að við sem höfum verið kjörin til þess að stýra rekstri borgarinnar séum að fara að deyja úr leiðindum alveg á næstunni. Verkefni eru ærin, þau eru snúin, staðan er þröng og því er það ekki bara mikilvægt heldur eiginlega nauðsynlegt að við stöndum sem þéttast saman til að þess að leysa úr málum. Okkur ber skylda til að gera allt sem best, og af sem mestri ábyrgð. Það er sú ábyrgð sem við sem sitjum í borgarstjórn tókum að okkur þegar við vorum kosinn til starfa. Sú ábyrgð takmarkast ekki við borgarstjóra og hún takmarkast ekki við starfandi meirihluta og hún takmarkast ekki við einstaka flokka eða fylkingar. Þess vegna fagna ég allri gagnrýni. Málefnaleg gagnrýni er alltaf til góðs.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Óttarr Ólafur Proppé lokið máli sínu. Og næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir.

**1. mál Frumvarp að þriggja ára áætlun Reykjavíkurborgar 2012-2014; síðari umræða**

**Hanna Birna Kristjánsdóttir:** Forseti, borgarfulltrúar. Hér hittustum við á sumri og í sumarleyfi borgarstjórnar til þess að fara yfir 3ja ára áætlun og þá staðreynd sem við ræddum auðvitað nokkuð ítarlega hérna á síðasta fundi en munum auðvitað gera aftur hér í dag. Að stærsta sveitarfélag landsins sá sér ekki fært að standa við þá lagalegu skyldu sem hvílir á sveitarfélögum og er nú kölluð formkrafa ef ég man rétt, sem er nýtt heiti yfir lagaskyldur sveitarfélaga en látum það liggja á milli hluta. Við ræddum það hér oddvitar á síðasta fundi hver ástæða þessa væri og ég fór yfir það í mínu máli að ég tel að ástæðan fyrir þessum vanefndum sé skortur á ábyrgð og skortur á skilningi á mikilvægi þess að borgin standi vel að þessum málum.

Með því er ég ekki endilega að segja að menn séu að leika sér að því. Ég held að enginn leiki sér að því. Heldur virðist það vera sem að þessi meirihluti telji að hann geti einhvern veginn spilað hlutina öðruvísi heldur en aðrir og komist upp með hluti sem að aðrir komast ekki upp með og við eigum heldur ekki að komast upp með. Og ég held að og segi það enn og aftur að ég tel að þessi vanskil, eins óheppileg og þau eru fyrir bara starfsemi borgarinnar og þau vinnubrögð sem hér hafa verið í gangi og áætlanir sem þurfa að gilda, þá held ég að það sé kannski minna mál heldur en sú staðreynd að ég tel og er sannfærð um það að því miður séu svona vinnubrögð og þau vinnubrögð sem hafa verið viðhöfð hér í alltof mörgum málum á undanfögnu ári að skaða Reykjavíkurborg.

Og hvers vegna segi ég það. Vegna þess að það er algjör óþarfi fyrir sveitarfélag, sérstaklega við þær aðstæður sem að borgarstjóri til dæmis lýsti í löngu máli hér á síðasta fundi. Ég held að hann hafi eytt mun meiri tíma í að fara yfir frétti liðinnar viku af efnahagsástandi í nágretta löndum og reyndar líka í öðrum löndum sem eru ekkert sérstaklega nálægt okkur að þá hefur þetta áhrif og er óþarfi fyrir Reykjavíkurborg við þær aðstæður að koma sér í þær aðstæður og þá stöðu að þurfa til dæmis að útskýra fyrir lánveitendum hvers vegna við séum ekki búin að skila 3ja ára áætlun og hvers vegna við séum að fá áminningar út af 3ja ára áætlun. Hvort að það sé eitthvað í fjárhag borgarinnar, eitthvað í rekstrarumhverfi borgarinnar sem að er allt öðruvísi heldur en við áttum von á og hvers vegna við

Bstj. 17. ágúst 2011

séum síðan ekki að skila ársreikningum eins og óskað er eftir. Og hvers vegna við séum ekki að vinna hlutina eins og gerð er krafa um. Það er algjör óþarfi að koma borginni í þá stöðu og við eigum ekki að láta það gerast.

Og það eru ekki bara einhverjar formkröfur það hefur áhrif og við vitum það öll. Og svo kom borgarstjóri í sjónvarpið sama kvöldið og við ræddum þessi mál hér og gerði auðvitað lítið úr því eins og flestu öðru og bætti síðan við; að ástæðan fyrir því að Reykjavíkurborg væri ekki að skila þessu væri sú að önnur sveitarfélög ættu ekki Orkuveitu Reykjavíkur. Og þá er eins og borgarstjóri viti ekkert um það að það er löngu búið að samþykkja 3ja ára og jafnvel 5 ára áætlanir frá Orkuveitu Reykjavíkur. Og það er eins og hann viti heldur ekkert um það að það eru önnur sveitarfélög sem eiga aðild og aðkomu að Orkuveitu Reykjavíkur. En alltaf er sama afsökunin notuð, allt önnur afsökun en formaður borgarráðs var búið að nota allan tímann um að það væru málefni fatlaðra, nei, nú var það Orkuveitan sem olli því að borgarstjóri gat ekki klárað málið. Og það er kannski markmið hæstvirts borgarstjóra að gera lík og gert var með Orkuveitu Reykjavíkur að tala hana á þann stað að enginn vilji standa við lánveitingar gagnvart henni. Það er kannski líka sama staða sem við ætlum að koma borginni í.

En ég ætla ekki að gefa mér að menn séu að því en ég áréttu það að það ótrúleg og það er líka alveg ótrúlegt að menn skuli einhvern veginn standa hér upp og segja; já, já, við erum búin að hafa hér svo og svo marga mánuði, við erum búin að hafa frá því í desember á síðasta ári til þess að ganga frá 3ja ára áætlun. Við erum búin að óska eftir fresti því að við vildum vinna hana svo rosalega vel. En nú er komið fram í miðjan ágúst og við erum bara stolt af því að leggja hér fram það sem borgarstjóri kallar „copy and paste.“ Og þá ættu borgarbúar að spyrja; hvað í ósköpunum voru menn að gera allan þennan tíma, af hverju skiluðu þeir plagginu ekki á réttum tíma. Ef það er ekkert betur unnið núna heldur en það var í febrúar hvers vegna í ósköpunum var því þá ekki skilað. Og það er vegna þess að menn halda að þetta séu bara formkröfur og menn geti einhvern veginn annað hvort gert grín að því alla leið eða hlegið sig út úr því. En það virkar ekki þannig með þessi mál, því miður. Þannig að ég held að þetta sé farið að skaða borgina og ég hef miklar áhyggjur af því hvernig menn ræða það og hvernig menn takast á við það að mér finnst ekki vera sá tónn í þeirri um ræðu.

Bstj. 17. ágúst 2011

Og svo segir borgarfulltrúi Óttarr Proppé, kemur hér upp og talar um ábyrgð og þetta verði ögrandi verkefni og svo framvegi og svo framvegis. Ef að við getum ekki komið okkur saman um þær megin reglur að Borgarstjórn Reykjavíkur skuli sinna lagalegri skyldu sinni en það er ekki einu sinni sátt um það á þessum vettvangi. Menn geta ekki einu sinni verið sammála um það og nota einhvern orðhengilshátt og afsakanir í því nú er þá ekki þess að vænta að við náum samkomulagi um nokkurn skapaðan hlut. Og það væri nær að borgarstjóri hefði staðið hér upp og afsakað þetta og beðist velvirðingar á því fyrir hönd Reykjavíkurborgar að halda eins slæga á málum eins og hann hefur gert í þessu.

En hann hallar sér aftur á bak og lætur Dag B. Eggertsson útskýra hlutina sem flækir þá auðvitað miklu frekar heldur en að útskýra þá. Og við stöndum hér síðan fund eftir fund og reynum að klára hluti sem að hefðu þá miðað við þennan langa tíma átt að vera bornir fram með þeim hætti að við gætum verið að ræða það efnislega og síðan hefði verið hægt að breyta þeim staðreyndum og þeim tölum sem tengjast málefnum fatlaðra, sem mér finnst nú reyndar hljóma eðlilegri skýring enda hefur hún svo sem haldið allan tímann frekar en að Orkuveita Reykjavíkur sé orðin ástæða þess og ég tala nú ekki um ástandið á Ítalíu sem líka var ástæða þess að við gátum ekki hugað að málunum í febrúar.

En þessi vinnubrögð eru eins og ég segi; við erum búin að fara yfir það að þetta er auðvitað algjörlega óviðunandi hversu seint við erum að gera þetta. En það bjargast nú fyrir horn vegna þess að frá og með morgundeginum hefði ríkisvaldið beitt okkur viðurlögum ef marka má bréf sem að sent var að þá stóð til að ef að Reykjavíkurborg væri ekki búin að klára þessi mál, þessar blessuðu formkröfur, fyrir 18. ágúst þá hefði verið hægt að beita okkur viðurlögum sem gert er ráð fyrir í sveitarstjórnarlögum. Og menn láta líka hér eins og það bara skipti ekki nokkru einasta máli. Það bara skiptir stórkostlegu máli fyrir Reykjavíkurborg og fjárhag Reykjavíkurborgar ef að ríkið hefði gengið til þeirra aðgerða sem að þeir hafa heimildir til að gera ef að við hefðum ekki klárað. Við skulum nú vona að mönnum takist að koma þessu út í ráðuneyti á morgun og tryggja að ekkert verði af því.

Síðan er það, hæstvirti forseti, innihaldið í þessari áætlun og það er hárrétt sem borgarstjóri segir hér með miklu stolti að það sé í raun og veru engar upplýsingar í

Bstj. 17. ágúst 2011

Þessu plaggi sem að við hér erum með sem hægt sé að byggja, ég man ekki hvernig hann orðaði það, umræðu eða greiningu á. Það er samt þannig að hún endurspeglar þessa áætlun alveg eins og hún hefur gert. Það er alveg líka rétt hjá borgarstjóra að undanfarin tvö ár frá kreppu höfum við skilað áætlunum sem eru byggðar einvörðungu á fjárhagsáætlunum fyrri ára og þetta er aftur þannig. Munurinn á því hins vegar, forseti, og þessu plaggi er sá að þá var samstaða um aðgerðaráætlun á vettvangi borgarstjórnar og það var samstaða um grundvallar aðferðir og aðgerðir í fjármálum. Það var unnið á grundvelli sameiginlegrar aðgerðaráætlunar, þannig að sú lína var öllum ljós og um þá línu var mjög mikil samstaða á þessum vettvangi. Hið sama verður ekki sagt um þá fjárhagsáætlun sem samþykkt var hér í desember. Öðru nær var um hana mikill ágreiningur, bæði um það hvernig hún var unnin, hversu illa hún var unnin og hversu seint hún fram kom og líka um ákveðnar áherslur í henni.

Mig langar aðeins að staldra við það. Vegna þess að ég held að ef að okkur hefði auðnast það, eins og Sóley Tómasdóttir borgarfulltrúi nefndi hér áðan og aftur og aftur komum við að því og borgarfulltrúi Óttarr Proppé kom sjálfur inn á það með ákveðnum hætti. Ef við hefðum haft hugrekki til þess eða meirihlutinn að vinna þessa hluti aftur sameiginlega með sameiginlegri aðgerðaráætlun þá liti fjárhagsáætlunin öðruvísi út og þá hefðum við getað unnið 3ja ára áætlun líka með öðrum hætti.

Ég hvet borgarfulltrúa í þessu samhengi til þess að líta á þær tölur sem hafa verið að berast okkur til dæmis bara síðast í morgun frá Seðlabankanum, sem var að birta sínar spár og gerir ekki einu sinni ráð fyrir á næstu árum – það nær ekki einu sinni 1% sú kaupmáttaraukning sem menn eru að spá hér á næstu tveimur til þremur árum. Þar kemur einnig fram að kaupmáttur frá því 2008 hefur lækkað fyrir hinn venjulega Íslending um kannski 15% eða svo sem eru auðvitað stórkostlegar tölur. Það kom líka fram í fjölmiðlum í morgun að ákveðnar vörur á Íslandi hafa frá því í janúar á þessu ári hækkað ef ég man rétt um, ef ég man rétt, um 166% í einu tilviki, 98% í öðru tilviki og þar nefni ég bara hluta af því sem þar er nefnt. Og það er einmitt þess vegna sem ég líka hvet borgarfulltrúa til að gefa sér tíma til þess að lesa það sem er verið að skrifa núna um, einmitt það sem

Bstj. 17. ágúst 2011

borgarstjóri vitnaði í, stöðuna á alþjóðavettvangi og hvaða ráð er verið að gefa stjórnvöldum, hvaða ráð er verið að gefa stjórnvöldum til þess að vinna með fólki.

Hér í ríkisstjórn og því miður hér í borgarstjórn virðist það vera þannig að við gefum örlítið en svo tökum við allt til baka. Almennigur fær launahækkanir og síðan eru þær allar teknar til baka í formi skatta eða í formi þannig umhverfis fyrir fólk og fyrirtæki að hver einasta króna og gott betur er tekin til baka. Og það sjáum við ef við skoðum vísitölur, ef við berum saman kaupmáttinn og ef berum saman hækkun á launavísitölu þá sjáum við hvernig þessir hlutir hafa verið að þróast með algjörlega öfugum hætti og ómögulegum hætti. Og það er þess vegna og þrátt fyrir að ég tek alveg undir það að við getum ekki farið hér í umræðu og ég vona svo sannarlega að það sé rétt hjá meirihlutanum að menn hyggist leggja fram hér plagg um framtíðaráherslur Reykjavíkurborgar fyrir þetta kjörtímabil sem bera þess merki að menn trúa á eitthvað annað heldur en það að kerfið skuli belgjast út og fólkið borgar meira.

Vegna þess að þessi 3ja ára áætlun gefur ekki tilefni til neins annars. Og ef að við lítum bara á þær umræður sem eru í gangi í þessum löndum í kringum okkur sem við höfum verið að ræða hér og í sveitarfélögum og öðrum borgum þá er alls staðar verið að ráðleggja hinu opinbera að fara aðrar leiðir, að fara aðrar leiðir. Að hagræða og spara í eigin rekstri og sækja minna til almennings.

Og það er þess vegna sem að það er svo blóðugt að Reykjavíkurborg skyldi víkja frá þeirri stefnu sem hér var við lýði að hækka ekki skatta á almennig. Hækka ekki gjaldskrár nema í mjög litlu mæli og sums staðar tókst það reyndar svo allrar sanngirni sé gætt, þá tókst það sums staðar en annars staðar ekki. Og þess vegna hefðum við auðvitað átt að vera að setja fram 3ja ára áætlun þar sem við erum að verja fólk og verja kaupmátt þess og tryggja það að almennigur geti komist í gegnum þetta. Og við sjáum það ef við skoðum til dæmis af því að ég er að ræða hér vísitölur, ef við skoðum bara vísitölur neysluverðs, þá hefur hún hækkað um 29% síðan í janúar 2009.

Og allt þetta gerir það að verkum að almennigur getur ekki greitt mikið meira og getur ekki þolað það að kaupmáttur ráðstöfunartekna hefur rýrnað um, eins og ég sagði áðan, 15-20% á síðustu 2 árum og síðan höldum við áfram að hækka hér

Bstj. 17. ágúst 2011

skatta og gjöld. Og í þessari áætlun sjást engin merki um það að menn séu að hugsa aðrar leiðir. Það sjást engin merki um það að það sé verið að gæta að aðhaldi í stjórnkerfinu eða draga þar úr kostnaði, það sést engin áætlun um það.

Og kannski það sorglegasta við það, og aftur vísa ég til þeirrar umræðu sem er í gangi og þeirra skrifa af hálfu fræðimanna núna um þessi mál, þar sem flest allir sem mark hefur verið takandi á hingað til benda á það að vöxturinn er eina leiðin og eina lausnin úr þeim vanda sem við nú stöndum í. Og ef að borgin kemur ekki betur til móts við þann vöxt heldur en hún virðist ætla að gera með þessari áætlun úr síðustu fjárhagsáætlun, þá getum við ekki verið það afl sem að við sannarlega eigum að vera. Þannig að ég brýni okkur í því að ræða það og velta því fyrir okkur hvernig við getum tekið betur á því. Og eitt sem að tengdist því og var talsverð umræða hér um á fundunum í vor þegar að lagður var fram ársreikningur sem sýndi fram á það, ef ég man rétt, að við vorum að skila 1,6 ef ég man rétt í afgang.

Nú kinkar fjármálastjóri borgarinnar kalli og þá er ég sannfærð um að ég sé að fara með réttar tölur, takk fyrir það. Þá skiluðum við því í afgang og hér voru miklar og langar umræður um það hvernig ráðstafa skyldi þeim afgangi. Við lögðum áherslu á það og mér fannst á tímabili að fulltrúar Besta flokksins væru reiðubúnir til þess að skoða það að sá afgangur yrði nýttur til þess að koma til móts við almenning og tryggja það að gjöldin yrðu að einhverju leyti lækkuð eða skattarnir og við tækjum ekki meira af almenningi og þessi afgangur yrði ekki nýttur til þess að sogast sjálfkrafa inn í kerfið og nýtast þannig ekki almenningi beint. En það var sagt að það yrði ekki gert og mér sýnist ekkert í þessari áætlun benda til annars en að blessuð blandaða leiðin hans Dags B. Eggertssonar og félaga hans í ríkisstjórninni sem er bara annað orð yfir vinstri lausnir, ekkert annað orð. Þetta er bara svona mildara orð blönduð leið í staðinn fyrir að segjast vilja fara leiðir sem eru áætlunarbúskapur og endalaust fjármagn sem tekið er af fólkinu, þá heitir það blönduð leið og borgin segist vera að fara þá leið. En þessi áætlun ber þess merki að þetta er ekkert blönduð leið. Þetta er leið þar sem almenningur greiðir áfram aftur en kerfið virðist ekkert þurfa að taka á sig.

Og ég hefði viljað óska þess, forseti, að við hefðum borið gæfu til þess að setjast yfir þetta verkefni sameiginlega og finna á því flöt, vegna þess að borgin stendur þrátt fyrir allt og sem betur fer ljómandi vel að mjög mörgu leyti og hefði haft alla

Bstj. 17. ágúst 2011

burði og það er engin ástæða fyrir borgarfulltrúa Óttarr Proppé að trúá því og tala hér, eins og þetta sé einhver hrikaleg vegferð sem að við séum að fara hér inn í og nú sé það þannig að allt sé svo erfitt, umhverfið sé svo erfitt og ákvarðanir séu svo erfiðar. Það er ekkert þannig. Þessi borg og þessi fjárhagsstaða sem við búum við bíður upp á fullt, fullt af tækifærum. Ef við erum reiðubúin til að taka mið af sjónarmiðum hvers annars. Ef við erum reiðubúin til þess að skoða hlutina sameiginlega en ekki trúá því eins og nýju neti að þessi blandaða leið sem fer nú að verða íslenska leið ríkisstjórnar og borgarstjórnar að hún sér rétt. Hún er ekki rétt og við munum því miður ef okkur tekst ekki að snúa við blaðinu, standa hér eftir þrjú ár þegar að þessi áætlun er að engu orðin og liðin og sýta það að við skyldum ekki takast betur á við verkefnin heldur en að mér finnst þessi áætlun endurspeгла.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir lokið máli sínu. Næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson.

## 1. mál Frumvarp að þriggja ára áætlun Reykjavíkurborgar 2012-2014; síðari umræða

**Dagur B. Eggertsson:** Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég hef sáralitlu eða engu við ræðu borgarstjóra að bæta eða fyrri ræðu mína hér þegar að við hittumst fyrir viku eða svo og ræddum drög að 3ja ára áætlun sem liggur fyrir. Ástæður þess að við erum að halda þessa ræðu núna hafa komið fram og ég ítreka það sem að ég sagði þá að þetta var öllum ljóst í janúar hvernig menn hygðust gera þetta og það komu ekki fram beiðnir um annað fyrr en núna í sumarfrí borgarstjórnar um að leggja þetta fram með þessum miklu fyrirvörum sem að þessi áætlun er undir.

Ég get þó ekki stillt mig um að víkja nokkrum orðum að eftirásöguskoðun borgarfulltrúa Hönnu Birnu Kristjánsdóttur um undirbúning síðustu fjárhagsáætlunar og svo framvegis vegna þess að það sem braut á og brotnaði á í samskiptum meirihluta og minnihluta þar var hin ófrávíkjanlega krafa Sjálfstæðisflokksins að skattar yrðu ekki hreyfðir. Að skattar yrðu ekki hreyfðir. Það var hið ófrávíkjanlega skilyrði Sjálfstæðisflokksins án þess þó að flokkurinn legði fram hugmyndir hvernig ætti að ná þeim stóraukna niðurskurði sem að það hefði þýtt ofaná hið 5 milljarða gat sem fyrir var. Og þegar að hér er talað af þjósti um blandaða leið borgarstjórnar og ríkisstjórnar að þá held ég að borgarfulltrúinn verði að nefna, þó ekki væri nema eina ríkisstjórn á jarðarkringlunni, eina, sem er að fást við það verkefni að láta enda ná saman núna sem að hefur ekki þurft að grípa til blandaðrar leiðar.

Vegna þess að sú ríkisstjórn er bara einfaldlega ekki til. Og að jafnvel ríkisstjórnnum þær sem lengst hafa gengið í niðurskurði, eins og sú breska, hafa hreyft skatta og verið að loka á bilinu 20-30% af gatinu hjá sér með sköttum. Og þegar að borgarfulltrúinn nefnir að það sé mikil hagfræðileg umræða um bestu ráðin í þessu efni að þá finnst mér hún vera komin á rétta slóð, vegna þess að það er mjög mikilvæg umræða. En ég hef ekki heyrt það sammæli sem borgarfulltrúinn segir vera á milli manna að það eigi að loka þessum opinberu fjármálum með því einu að skera niður. Vegna þess að sú ríkisstjórn sem að hefur gengið lengst í því, sú breska, hefur tekist að drepa hjá sér hagvöxtinn.

Og það eru langflestir sem að á annað borð byggja á gögnum við rannsóknir sínar í hagfræði á því að sú leið sé mjög hættuleg og því miður eru sumar hægri

Bstj. 17. ágúst 2011

ríkisstjórnir í Evrópu á svipaðri leið og það hefur einmitt valdið mjög miklum áhyggjum ekki síst hjá seðlabanka Bandaríkjanna og mjög mörgum sem eru að tjá sig um alþjóðleg efnahagsmál. Þannig að sú leið sem Sjálfstæðisflokkurinn boðaði hér í borgarstjórn: Að það væri prinsipp að skattar væru kjurrir og mætti ekki hreyfa, en það ætti að taka miklu dýpra í árinna varðandi niðurskurð, styðst við mjög vafasöm hagfræðileg rök. Og ég bara kalla eftir því að það sé þá vísað í þær rannsóknir sem hér er verið að vísa til, nú eða teft fram þeirri ríkisstjórn sem að einungis hefur farið í að loka þessum gríðarlegu stóru götum sem því miður hafa myndast eftir hrunið og bóluna með því að skera einvörðungu niður. En þessu vildi ég bara halda til haga.

Vegna þess að Sjálfstæðisflokkurinn, þó í minnihluta sé, vildi reyna að knýja fram þá eindregnu og einstrengingslegu stefnu sem að fæstir eða einhverjir treysta sér til að fylgja fram í heiminum við að loka hér gati, að hreyfa hvergi við sköttum. Nú tek ég fram að meirihlutinn ákvað að halda krónutölum í fasteignasköttum óbreyttum, það var ekki um neinar auknar krónutöluálögur að ræða. En auðvitað höfum við öll áhyggjur af kaupmætti fólks og birgðunum. En það eru líka birgðar að hækka gjöldin, þjónustugjöldin, röklega eins og Sjálfstæðisflokkurinn talaði fyrir. Það dreifist bara öðruvísi. Þannig að í flestum tilvikum erum við að tala um sanngjarna dreifingu birgðanna og hvernig við komumst sem best út úr þessu verkefni til þess að skapa hér einhverja sókn í atvinnulífi og samfélagi. Og það er það jafnvægi sem við erum að reyna að ná, það er það jafnægi sem að við munum reyna að ná í okkar 5 ára áætlun og ég er alveg sammála borgarfulltrúa Sóleyju Tómasdóttur að við þurfum að ræða áherslurnar í henni mjög mikið og ég vil bara ítreka fögnuð minn með þær ræður sem haldnar voru af hálfu minnihlutans hér í síðustu umræðu, þar sem að tekið var undir mikilvægi þess að sækja fram í atvinnulífi, að gera hluti þar sem borgin gæti stutt við uppbyggingu af ýmsu tagi.

En hvernig það rímar við hina svokölluðu alþekktu, alkunnu og alsamþykktu hagfræðikenningu sem mér heyrir á öllu að sé býsna hæpin og er eiginlega hvergi praktíseruð nema í einhverum svona rétttrúnaðarritum frjálshyggju, að það finnst mér ekki passa inn í hinn hlutann af myndinni.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson lokið máli sínu. Og þá hefur borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir óskað eftir að veita andsvar.

## 1. mál Frumvarp að þriggja ára áætlun Reykjavíkurborgar 2012-2014; síðari umræða

**Hanna Birna Kristjánsdóttir:** Forseti, borgarfulltrúar. Það er nú ekki alltaf auðvelt að eiga orðræðu við þann borgarfulltrúa sem hér var að ljúka máli sínu. Í fyrsta lagi er það alrangt hjá borgarfulltrúanum að reyna að halda því fram að fjárhagsáætlun hafi ekki verið unnin sameiginlega út af einhverri þvermóðsku Sjálfstæðisflokksins varðandi skatta. Það er alrangt. Og ég bið bara borgarfulltrúann um að fara í gegnum fundargerðir borgarstjórnar frá því síðastliðið haust þar sem að minnihlutinn óskaði aftur og aftur og aftur eftir umræðu um það að við mundum koma okkur saman um sameiginlega aðgerðaráætlun. Við lýstum öll vilja til þess að gefa og taka á því og það væri forsenda þess að saman væri hægt að fara í þessa vegferð. Meirihlutinn vildi ekki samþykkja slíka aðgerðaáætlun eða slíka vinnu, það var ástæðan, og það veit borgarfulltrúi Samfylkingarinnar mjög vel og alveg jafnvel og ég.

Og einhverjar svona eftiráskýringar, Sóley Tómasdóttir sagði jafnframt að hún teldi að það ætti að hækka skatta. En við sögðum báðar margítrekað að við gætum komið okkur saman um fjárhagsáætlun og síðan mundu menn þá greiða með og á móti í þeim ákvörðunum sem lytu að sköttum. Þannig að reyna að halda þessu fram er auðvitað rangt. Og ég hvet borgarfulltrúann til þess að fara í gegnum þá umræðu sem var hér á þessum vettvangi. Og síðan þegar að hann talar um að ég sé að tala um einhverjar frjálshyggjukenningar sem séu til einhvers staðar þá vísa ég bara í það að skattar á Íslandi eru háir. Í samanburði við aðrar þjóðir eru þeir háir, alveg sama hvað Steingrímur J. Sigfússon telur um það, enda hugsa ég að honum þætti nú aldrei nóg komið. Þeir eru háir. Og á öllum þeim ráðstefnum sem ég sótti sem borgarstjóri, og nokkrar voru þær, vegna aðgerða borga og sveitarfélaga í kringum kreppu, þá var það alls staðar ráðgjöfin og meira að segja frá samflokksmönnum Dags B. Eggertssonar að fókusa á það að reyna með öllum þeim hætti sem við gætum að lágmarka skattheimtu. Að lágmarka hækkanir á skattheimtu við þessar aðstæður. Og það er ekkert hægt að bera þetta saman við lönd sem eru með miklu mun minni skattheimtu en Ísland.

Og svo bara síðast núna fyrir stuttu síðan var ég nú að lesa aðgerðaáætlun frá kanadískum stjórnvöldum sem hafa nú farið í það að lækka skatta. Þannig að

Bstj. 17. ágúst 2011

Þegar að Dagur segir: þetta er bara til í einhverju svona frjálshyggjusamhengi, þá er það bara bull og algjört blaður. Vegna þess að það er verið alls staðar að leggja áherslu á það að menn reyni að tryggja vöxt, hófsama skattheimtu og niðurskurð. Og ég vil meina að skattheimtan hér sé ekki hófsöm.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir lokið við að veita andsvar. Þá svarar andsvari borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson.

Bstj. 17. ágúst 2011

## **1. mál Frumvarp að þriggja ára áætlun Reykjavíkurborgar 2012-2014; síðari umræða**

**Dagur B. Eggertsson:** Forseti, ágæta borgarstjórn. Sjálfstæðisflokkurinn var sem sagt tilbúinn að hækka einhverja skatta, ég er að heyra það í fyrsta skipti og mér finnst það nú reynda stangast á við það sem hér hefur verið sagt í þessum sal og bið borgarfulltrúa Hönnu Birnu Kristjánsdóttur að staðfesta hvor skoðunin er rétt, sú sem ég hef staðið í trú um; að Sjálfstæðisflokkurinn hafi katagóriskt sagt að hann væri ekki tilbúinn að hækka neina skatta eða það sem hún sagði hér rétt í þessu; að Sjálfstæðisflokkurinn hefði verið tilbúinn að fara í samstarf um að hækka skatta. Því að ég man ekki betur en að það hafi brotnað á hugsanlegri samstöðu sem aldrei varð um fjárhagsáætlun á því svokallaða prinsippi Sjálfstæðisflokksins.

Og þetta er auðvitað mjög áhugavert hvaða augum menn líta skattbyrði í löndum og þar styðjast nú flestir við stofnun eins og OECD en ekki eigin tilfinningu um hvernig það er. Og ég skora nú á borgarfulltrúann að skoða þann alþjóðlega samanburð sem þar er. Ísland er töluvert fyrir neðan ýmis lönd, eins og til dæmis Norðurlöndin; sem hafa farið hvað best út úr kreppunni og raunar eru með hvað mestan hagvöxt. Það eru ekki mjög mörg lönd sem eru með lægri skatta en Ísland og ég er ekki með þetta reikniverk í höfðinu, en þetta eru býsna aðgengilegar upplýsingar á vefsíðu OECD og tvær nýjar skýrslur gera sérstaklega úttekt á íslenska skattkerfinu í alþjóðlegu samhengi sem ég skora á borgarfulltrúa að kynna sér.

Þetta er mikilvæg umræða og það eru skýrslur Alþjóða gjaldeyrissjóðsins sem að gera líka tillögur að breytingum á skattkerfinu og ég held að það verði að hafa það undir. Ég held að stóryrðin kannski á báða bóga í þessari umræðu sé það sem sé að skemma hana, vegna þess að það hefur því miður mjög oft verið farið mjög óábyrgt og illa með álagningu eða lækkun og stundum hækkun skatta á Íslandi. Það hefur bara vantað botninn og grunninn í þessa umræðu, því miður.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson lokið við að svara andsvari. Þá veitir borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir andsvar öðru sinni.

## 1. mál Frumvarp að þriggja ára áætlun Reykjavíkurborgar 2012-2014; síðari umræða

**Hanna Birna Kristjánsdóttir:** Forseti, borgarfulltrúar. Það er ekki meira en von að þessum meirihluta gangi illa þegar að annar oddviti meirihlutans getur aldrei einhvern veginn farið með rétt mál. Hvenær í ósköpunum sagði ég það að ég væri reiðubúin að hækka skatta. Það var loforð Dagur B. Eggertsson og hann nálgast líka kosningaloforð eins og það sé bara eitthvað svona grín, einhver þvermóðska. Við lofuðum því að hækka ekki skatta. Það sama gerði Besti flokkurinn. Og ég hefði talið að þá gætu borgarbúar gengið að því sem nokkuð vísu og það er engin þvermóðska af minni hálfu. Ef maður gefur loforð, þá stendur maður við það loforð. Og síðan er það líka þannig að það er öllu snúið á hvolf og Dagur B. Eggertsson sagði áðan að það væri nú helsta vandamálið í umræðunni. En þegar að oddviti Samfylkingarinnar kemur síðan hér upp og segir; ja, það eru nú alveg ný tíðindi að Hanna Birna hafi verið reiðubúin að hækka skatta.

Ég sagði orðrétt hér áðan Dagur B. Eggertsson, ég var aldrei reiðubúin að hækka skatta. Ég tel ekki þörf á að hækka skatta. Ég sagði hins vegar; að við vildum og hefðum viljað vinna sameiginlega að aðgerðaáætlun og ef síðan meirihlutinn mundi leggja fram tillögu um að hækka skatta þá var ég búin að segja það að ég og mitt fólk mundi greiða atkvæði gegn slíkri tillögu. En Sóley Tómasdóttir var líka búin að segja það að hún mundi greiða atkvæði með slíkri tillögu. Og það hefði þá verið utan við það.

Þetta var mörgum sinnum rætt á þessum nótum. Það þýðir ekki að ég hefði aldrei samþykkt tillögu að skattahækkun og Dagur B. Eggertsson veit það jafnvel og ég. Og síðan þegar að hann vitnar í það, ég hvet hann líka til að lesa aðrar útgáfur heldur en eru gefnar út af Steingrími J. Sigfússyni og Jóhönnu Sigurðardóttur um skattheimtu á Íslandi og hvernig hún reiknast. Og svo hvet ég hann líka til að segja almenningi á Íslandi það. Ég fór nú yfir kjörin í þessu landi áðan og kaupmáttinn. Ég hvet varaformann Samfylkingarinnar til að fara hér út í samfélagið og segja; það er engin skattþíning í þessu landi, þetta er bara einhver vitleysa, þetta er bara mjög gott hjá okkur. Það er alls ekki þannig að almenningur hafi það eitthvað ómögulegt. Ég hvet borgarfulltrúann til þess að segja það. Og ég hvet hann líka til þess að skoða önnur dæmi þar sem að reynt er að stilla saman

Bstj. 17. ágúst 2011

hófsamri skattheimtu, þar sem reynt er að stilla saman algjörum grundvallaratriðum og breytingum á stjórnkerfi og þar sem reynt er að tryggja það að almenningur njóti og það sé vöxtur í samfélaginu og vöxturinn verður ekki við þær aðstæður sem nú eru í gangi.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir lokið við að veita andsvar öðru sinni. Þá svarar andsvari öðru sinni borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson.

Bstj. 17. ágúst 2011

**1. mál Frumvarp að þriggja ára áætlun Reykjavíkurborgar 2012-2014; síðari umræða**

**Dagur B. Eggertsson:** Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég kannaðist miklu betur við þennan borgarfulltrúa, betur heldur en hinn sem kom hér upp til þess að leiðrétta mig varðandi það að Sjálfstæðisflokkurinn hefði ekki verið til í samstarf um að loka gatinu. Þetta er nefnilega borgarfulltrúinn sem að talaði nákvæmlega eins og oddvitinn sem við áttum í samskiptum við fyrir jól sem sagði: Samstarf af okkar hálfu getur aldrei gengið út á það að loka gatinu að hlut til með sköttum. Þá þarf að loka því öðruvísi, með mjög miklum niðurskurði, mjög miklum uppsögnum og öðrum hlutum sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur aldrei sýnt spilin með. Þvert á móti hefur hann leyft sér hér í allan vetur í lýðskrumi og upphlaupum að leggjast gegn öllum niðurskurði. Svona er ekki hægt að stjórna borg. Svona er reyndar ekki heldur hægt að stjórna venjulegu heimilisbókhaldi og ég held að fólk sé búið að fá nóg af svona óábyrgri sýndarpólítík.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson lokið við að svara andsvari öðru sinni. Og næstur á mælendaskrá er Júlíus Vífill Ingvarsson borgarfulltrúi.

## 1. mál **Frumvarp að þriggja ára áætlun Reykjavíkurborgar 2012-2014; síðari umræða**

**Júlíus Vífill Ingvarsson:** Forseti, borgarfulltrúar. Það hefði verið skemmtilegra að umræðan hér hefði snúist svolítið heit um sjálfa áætlunina sem að hér liggur frammi. Yfirleitt er 3ja ára áætlun ákveðið tilhlökkunarefni. Sýnir sýn meirihlutans til framtíðar. Í þessu tilfelli væri það sýn núverandi meirihluta út þetta kjörtímabil, áhugavert fyrir okkur sem að hér sitjum, en þó miklu frekar áhugavert fyrir alla borgarbúa að sjá hvað það er sem þessi meirihluti, umdeildi meirihluti, sem að hefur tapað þeim vinsældum sem hann hafði í upphafi kjörtímabils, hvað það er sem hann ætlar að gera. Hverjar eru áherslurnar. Ekkert slíkt er að sjá hér og þess vegna er þessi umræða erfið, hún er hálfleiðinleg vegna þess að menn koma hér upp með hangandi haus. Hér koma borgarfulltrúar eins og Óttarr Proppé og borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson og borgarstjórinn og það er einhvern veginn engin gleði og engin ákefð í þessum borgarfulltrúum. Þeir koma hér upp svona af einhverri skyldu og þusa um það hvað lífið er allt saman erfitt og hvernig aðstæðurnar eru allar saman núna þeim í óhag.

Og borgarstjórinn kemur hér upp og hann segir satt og rétt frá að í þessu felst engin sýn til framtíðar, þetta er bara framreikningur og auðvitað geri ég mér fulla grein fyrir því að hann eins og aðrir borgarfulltrúar meirihlutans og ég reikna með að embættismenn líka sem hafa orðið að afgreiða þetta með þessum hætt ganga til þessa verks með hangandi haus og skammast sín fyrir að láta frá sér plagg af þessu tagi þegar tækifærin hafa verið mikil. Vegna þess að 3ja ára áætlun hún er ólík venjulegri fjárhagsáætlun nokkuð laus í reipunum. Það ber ekki skylda til að fara eftir henni. Hún á að lýsa veginn til framtíðar. En hún er ekki svo að borgarstjórn eða sveitarfélögum almennt beri skylda til að fara eftir henni eins og venjulegum fjárhagsáætlunum eins og við þekkjum, sem við komum nú til með að taka hér til umfjöllunar von bráðar. Enda allt saman hér komið einhvern veginn á öfugan stað í tímasetningu.

Varðandi það sem hér var rætt um áðan sem að var, hvort að Ísland væri háskattaland eða ekki. Ég bara trúir því ekki að það sé nokkur maður hér í þessum sal sem heldur það að hér séu ekki háir skattar. Ísland var árið 2009 í fjórða og fimmta sæti með Noregi yfir háskattalönd að frádregnum líftryggingum. Og síðan

Bstj. 17. ágúst 2011

hafa bæst við aðrir skattar þannig að sennilega er Ísland bara komið í fyrsta eða annað sæti, allavega komið upp yfir Noreg miðað við þetta.

Og ég bendi á það að Alþjóða gjaldeyrissjóðurinn, fulltrúar þess voruðu við því að hér væru skattar orðnir of háir og Ísland væri háskattaland. Það þarf ekkert blöðum um þetta að fletta og ég bara vona það að þeir borgarfulltrúar, þá sérstaklega náttúrulega borgarfulltrúinn Dagur B. Eggertsson sem að bersýnilega vill horfa til þess útreiknings sem að ríkisstjórnin hefur látið frá sér fara og er mjög villandi um það hvar Ísland er stadd meðal þjóða í skattakerfi sínu. Ísland er háskattaland og það er að sliga almenning og það er að sliga fyrirtækin í þessu landi. Og því miður þá hefur Reykjavíkurborg elt ríkisstjórnina í þessum efnum, öfugt við það sem að er ráðlegt er við þær aðstæður sem við búum við í dag.

Ég vil svona áður en ég kem að 3ja ára áætluninni aðeins bara draga fram plagg sem er skylt þessu og lýsir raunverulega þeirri losung sem að virðist vera komin á stjórnkerfið hér í Reykjavíkurborg. Það að Reykjavíkurborg skuli vera sektuð fyrir það að skila ekki ársreikningi til Kauphallarinnar á réttum tíma er auðvitað angi af þessu sama máli og við erum að ræða hér í dag. Það að Reykjavíkurborg skuli fá orðsendingu frá Kauphöllinni sem að er svo, með leyfi forseta: „Kauphöllin áminnir Reykjavíkurborg opinberlega og beitir féviti að fjárhæð kr. 1,5 milljón kr. fyrir ofangreind brot á reglum Kauphallarinnar. Kauphöllin álitur að með háttsemi sinni hafi útgefandi gerst brotlegur við ákvæði 431 í reglunum. Við ákvörðun við viðurlög er höfð hliðsjón af því að útgefandi hefur áður fengið áminningu frá Kauphöllinni fyrir að birta ekki ársreikning sinn opinberlega innan þeirra tímamarka sem reglur Kauphallarinnar kveða á um.“

Mér finnst þetta skammarlegt. Mér finnst þetta vera algjörlega óásættanlegt að hér sé ekki haldið betur utan um stjórnkerfi borgarinnar en svo að hún skuli fá á sig sekt upp á 1,5 milljónir kr. Mér finnst afleitt að fá stöðumælasektir, ekki vegna þess að ég hafi ekki efni á að borga þær heldur vegna þess að þær eru algjörlega óþarfar og ég yfirleitt reyni nú að fara leynt með þær ef að ég er svo óheppinn að fá stöðumælasekt. Og það er alveg af sama toga þetta hér. Ég skammast mín fyrir hönd Reykjavíkurborgar að hún skuli fá slíka áminningu og slíka sekt. Og ég segi það þó að þetta sé há tala miðað við þær tölur sem við erum að fjalla hér um í ársreikningum og fjárhagsáætlun borgarinnar, þá er þetta tala sem að getur varðað

Bstj. 17. ágúst 2011

marga borgarbúa mjög mikið. 1,5 milljón er í höndum margra fjölskyldna há fjárhæð. Og þetta vinnulag verður algjörlega að skrifast á reikning núverandi meirihluta sem að virðist einhvern veginn ganga í gegnum þetta án þess að hafa tök á því að fylgjast með rekstri borgarinnar.

Ég ætla að fara þá í 3ja ára fjárhagsáætlunina. Hún er nú eins rýr eins og nokkurt plagg getur verið og það sem auðvitað vekur athygli er að hér er inngangur, að vísu enginn inngangur borgarstjóra eins og tíðkast hefur í gegnum tíðina að fjárhagsáætlun til 3ja ára byrji á þar sem borgarstjóri lýsir ákveðinni framtíðarsýn, heldur er hér bara komið beint inn í inngang sem að reyndar enginn er skrifaður fyrir. Og það er sem sagt reynt að færa rök fyrir því af hverju það er eðlilegt að það hafi tafist að skila 3ja ára fjárhagsáætlun. Það verður eiginlega að segja það að meirihlutinn hefur verið rekinn til þessa verks að gera 3ja ára áætlun með hangandi haus og þau viðbrögð sem að minnihlutinn fékk við því að krefjast aukafundar í borgarstjórn voru ólund og þóttaskapur. Það var ekkert annað. Það var bara ólund og þóttaskapur og hofmóðug heit fyrir það að við skyldum voga okkur að telja það á okkar ábyrgð að fylgja því eftir að hér verði skilað 3ja ára áætlun eins og lög gera ráð fyrir.

En það er ýmislegt annað sem að fram kemur hér í þessum texta í aðdraganda að 3ja ára fjárhagsáætlunarinnar. Það er náttúrulega í fyrsta lagi þetta að talið er að ástæðan og því er teflt fram að það hafi tafist að gera 3ja ára áætlun vegna þess að ríkið hafi ekki staðfest útgjalda áætlun borgarinnar vegna málefna fatlaðra. Og þá veltir maður því fyrir sér hvort að það hafi virkilega verið ætlun meirihluta borgarstjórnar að þrýsta á ríkisvaldið að fara að ganga frá þessum samningum um málefni fatlaðra og yfirtöku sveitafélaga á þeim málaflokki. En svo er auðvitað ekki. Ríkið hefur engan rétt til þess. Ráðuneytið og ráðherra hefur enga heimild til þess að fara að veita sveitafélagi frest á framlagningu 3ja ára áætlunar. Það er ekki á valdi ráðuneytisins. Lögin eru skýr þau eru án undantekninga, þannig að þessi afsökun eða ég veit ekki hvað á að kalla það, einhver rökstuðningur fyrir því að draga framlagningu 3ja ára áætlunar á sér enga stoð, er engin afsökun, er ekki mál sem við getum hlustað á í þessu sambandi.

Svo kemur hér lýsing á ytri skilyrðum og ég verð nú að segja það að það er nú ansi mikið svartnætti sem að hér blasir við okkur og það er margt sem að hér er

Bstj. 17. ágúst 2011

dregið fram sem að gerir það að verkum að það er erfitt að fara að gera 3ja ára fjárhagsáætlun á þessari stundu, sem er náttúrulega merkilegt miðað við það að það biður einhver 5 ára áætlun hér í skúffum í Ráðhúsinu sem enginn hefur séð og er bara alveg rosalega merkilegt plagg. En við eyðilögðum auðvitað það allt saman með því að fara að biðja um 3ja ára áætlun. En það er sem sagt þessi óvissa sem ríkir í peninga- og gjaldeyrismálum og það er vaxandi verðbólga og hækkandi fasteignaverð og hækkandi heimsmarkaðsverð á hrávöru, og það eru verðmæti útflutningsgreina og afkoma þjónustugreina sem tengjast erlendum ferðamönnum og mikil óvissa um gengisþróun evru. Og það eru Grikkland, Ítalía, Spánn og Portúgal og ég veit ekki eiginlega hvað er ekki talið til yfir það sem að er að hrjá okkur um þessar mundir.

Það er eiginlega bara allt milli himins og jarðar. Mér finnst eiginlega merkilegt að það skuli ekki líka tekið fram að það er ekki búið að taka ákvörðun um það hvort á að ganga í Evrópusambandið eða ekki. Eiginlega merkilegt að það skuli ekki vera tekið fram að það er óvissa um það hvort að Kínverjar ætla að sigla yfir Norðurpólinn á leið sinni til Evrópu eða ekki. Þetta er auðvitað einhver samtíningur sem að menn hafa bara sest niður við skrifborðið og ætla sér að gera nógu svartan til þess að skýra það að 3ja ára fjárhagsáætlun skuli vera lögð fram með þessum hætti, algjörlega óviðunandi og algjörlega óvönduðum hætti.

Þó verð ég að segja það að það er eitt sem að kannski vantar sem að ætti þó að skýra mest í þessu. Og auðvitað skýrist það að einhverju leyti af því að hér í meirihluta í borgarstjórn er nú bara varaformaður Samfylkingarinnar og Samfylkingin auðvitað leiðir þessa ríkisstjórn. Hvað eru verstu yrtri skilyrði borgarbúa og sveitafélaga í dag? Það er auðvitað ríkisstjórnin. Ríkisstjórn Íslands og hennar skattastefna. Ríkisstjórnin hefur sett á 13 nýja skatta í sinni tíð. Hún hefur hækkað tekjuskattinn um 13,8%. Hún hefur sett á nýjan hátekjuskatt sem fór síðan inn í tekjuskattinn. Hún setti á auðlegðarskatt og setti hann upp í 1,5% og hækkaði erfðafjárskatt um 100%. Hún hækkaði atvinnutryggingagjaldið um 586% og gjald- og ábyrgðarsjóð launa um 250%. Hún hækkaði tekjuskatt til einkahlutafélaga um 33,3% og tekjuskatt til sameignarfélaga um 53,2%. Hún lagði skatt á arð til eigenda fyrirtækja og jók formannstekjuskatt um 100%.

Bstj. 17. ágúst 2011

Haldið þið virkilega að þetta skipti okkur ekki meira máli heldur en hver staðan er á Spáni og Portúgal. Dettur einhverjum lifandi manni í hug annað en að þetta séu þær aðstæður sem að borgarbúar og fyrirtæki landsins búa við og eru að horfa á og það er þetta sem gerir það að verkum að skórin kreppir að og þetta er það sem við eigum að horfa til þegar að við erum að velta fyrir okkur hvort að við höfum svigrúm til þess að auka álögur og auka þjónustugjöld í Reykjavík. Þetta er aðalatriðið.

Ríkisstjórn Íslands er mesti óvissuþátturinn og mesti óvinur okkar í þeim rekstri sem við búum við í dag. Ég vil segja mesti óvinur þjóðarinnar. Þar fyrir utan er ýmislegt sem að mér finnst, ef að menn ætla að fara að fara yfir stöðuna í samfélaginu í dag, þá er ýmislegt kannski sem að menn hefðu átt að taka líka með. Það verður þó að teljast jákvætt að fjöldi ferðamanna hefur aukist hér á fyrstu mánuðum ársins um einhver 14% ef ég man rétt. Og útflutningstekjur hafa aukist á milli ára, ég er nú að fara eftir minni ég held að það sé um 6,8% miðað við fyrstu 6 mánuði í ár samanborið við fyrstu 6 mánuði í fyrra. Þannig að það er ýmislegt sem að getur haft áhrif á þetta. En akkúrat þessi háskattastefna ríkisstjórnarinnar er nokkuð sem við eigum að horfa til þegar að við erum að horfa til framtíðar. Vegna þess að það er alkunna og hefur verið til umfjöllunar í fjölmiðlum að undanförunu að laun eru að fara undir yfirborðið. Svört atvinnustarfsemi er núna að aukast til mikilla muna og það mun auðvitað hafa áhrif á það sem að við erum að gera. Það er auðvitað að hluta til okkur sjálfum að kenna, við skulum hafa það í huga.

Svört atvinnustarfsemi mun auðvitað hafa áhrif á skatttekjur Reykjavíkurborgar og mun hafa auðvitað þær afleiðingar að skatttekjur munu lækka vegna þessa. Á móti kemur, en ég sé enga umfjöllun um það, á móti kemur að einhverju leyti að atvinnuleysi mun minnka fram til ársins 2014. Við sjáum að þjóðhagsspá gerir ráð fyrir því að atvinnuleysi verði 5,4% á landsvísu árið 2013 og við gerum ráð fyrir því hér í okkar umfjöllun að hún verði 6,1% í Reykjavík árið 2014 og mér finnst það mjög líklegt. Af hverju sé ég þess engin merki í skatttekjum. Einhverja umfjöllun um þetta. Einhverjar áætlanir um það hvað minnkað atvinnuleysi en aukning á svartri atvinnustarfsemi mun hafa á tekjustofna Reykjavíkurborgar þegar að við erum að ræða um útsvarið annars vegar. Þetta bara skiptir máli. En í

Bstj. 17. ágúst 2011

stað þess var bara sett hérna á Excel-skjal sem hefði alveg eins getað náð fram til ársins 2050 mín vegna, það er alveg jafn mikið vit í því eins og að hafa það fram til ársins 2014. Hér er enginn metnaður, enginn vilji til þess að horfa fram á veginn og kannski er það vegna þess að menn hafa bara enga sýn fram á veginn.

Það er þó eins og menn hafi vaknað til lífsins við það að innanríkisráðuneytið sendi hérna nótu niður í Ráðhús sem dagsett er 22. júlí sl. og það hljóðar svo, með leyfi forseta, að hluta til: „Samkvæmt málaskrá hefur 3ja ára áætlun sveitarfélagsins ekki verið send ráðuneyti í samræmi við ofangreind lagafrummæli, þrátt fyrir það að slík skil hafi átt að fara fram fyrir lok febrúarmánaðar og þrátt fyrir hvatningu ráðuneytisins um skil hér að lútandi.“ Nú, þar hef ég heyrt ýmsar skýringar á því að menn hafa verið í sambandi hinir og þessir símleiðis við fulltrúa í ráðuneytinu og annað slíkt. Það hefur því miður bara ekkert að segja. Það getur enginn fulltrúi sagt í ráðuneytinu: taktu þessu rólega þú mátt bara skila þessu þegar að vel stendur á. Ráðherra getur það ekki, ráðuneytið getur það ekki, löggjafinn getur það ekki nema með því að breyta lögum. Mér finnst líklegt að einhverjir skattgreiðendur einhvern tímann hafi hringt í skattstjóra sinn og skýrt honum frá mjög mikilvægum ástæðum fyrir því að þeir geti ekki skilað skattframtölum á réttum tíma. Reyndar hef ég ekki heyrt af því vegna þess að ég held að flestir geti gefið sér fyrirfram hvert svar skattstjórans hefði orðið og þess vegna er það ekki fréttæmt.

Ef þú skilar ekki á réttum tíma skattframtalinu færðu bara sekt eða áætlun skatta. Hvorugt er gott. Opinber gjöld eru auk þess forgangskröfur og því lítið grín að fara ekki að lögum og tilmælum skattstjórans. Sveitastjórnir sem greiða laun og standa fyrir margvíslegum rekstri vita að það gengur ekki að útsvarið berist ekki og ættu þess vegna að skilja regluverkið sem sveitastjórnin byggir rekstur sinn á og að þjónustan þarf að ganga upp. Og það á bara ekki við um þá sem greiða útsvarið heldur einnig um skil þeirra sjálfra, eins og skil á 3ja ára áætlun. Að halda utan um grunnskyldur sínar á engu sveitarfélagi að vera ofaukið og það er ámælisvert ef það tekst ekki. Ef höfuðborg landsins tekst ekki að halda utan um þær grunnskyldur sem að við erum að fjalla um hér er það alvarlegra og leiðir hugann að því hvort þau sem hér halda utan um stjórnartaumana séu starfi sínu

Bstj. 17. ágúst 2011

vaxin. Eru þau vakandi yfir þeim rekstri sem þeim er trúað fyrir. Svárið getur bara verið á einn veg – nei. Rekstur Reykjavíkurborgar er þeim ofviða.

Fjálglegar yfirlýsingar borgarstjóra hér í sal borgarstjórnar í fyrra um að nú ætti að taka upp 5 ára áætlanir í stað 3ja ára áætlana, af því að nú yrði hugsað stórt eru heldur samanskroppnar núna. 5 ára áætlanir hafa hvergi sést og munu ekki sjást. Ef að meirihlutinn getur ekki hugsað til 3ja ára, hvernig á hann að hugsa til 5 ára? Minnihlutinn hér í borgarstjórn fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Vinstri grænna óskuðu eftir aukafundi í borgarstjórn um þetta mál og fá þar inn til afgreiðslu 3ja ára áætlun Reykjavíkurborgar. 3ja ára áætlun er mjög pólitísk stefna sem er mikilvægt að liggi fyrir og jafnt sem borgarstarfsmenn geta leitað í til að gera sér grein fyrir stefnu borgarinnar til lengri tíma. Sú 3ja ára áætlun sem við erum hér með til umfjöllunar er í raun yfirlýsing um það sem núverandi meirihluti ætlar sér að gera á þessu kjörtímabili. Störf hans og stefnur eiga að vera hér svart á hvítu. Allar þær væntingar sem til hans hafa verið gerðar eiga að endurspeglast hér. Af því að 3ja ára áætlun er ekki eins bindandi lögum samkvæmt og fjárhagsáætlun sveitafélaga almennt ætti meirihluti borgarstjórnar einmitt að sýna sína drauma hér á þessum blöðum. En hér er ekkert, engin sýn og flatur Excel-reikningur, eins flatur og draumar meirihlutans. Ég skal búa til 20 ár Excel-áætlun fyrir meirihlutann hér í borgarstjórn og taka ekkert fyrir það enda mun það ekki taka mig nokkurn tíma.

Vald blandast illa með stærilæti, en því miður vill það stundum skolast saman. Viðbrögð meirihlutans við tillögum okkar um að haldinn yrði aukafundur í borgarstjórn þar sem 3ja ára áætlun væri tekin til einkenndust af stærilæti. Formaður borgarráðs sagði í blaðaviðtali að við værum vandræðaleg. Bara þessi yfirlýsing var vandræðaleg, hvað þá 3ja ára áætlunin og vinnan við hana. Ekki verður séð að nokkur vinna hafi verið lögð í gerð hennar. Hún er fljótsoðin og illa unnin. Samfylkingin og Besti flokkurinn hafa ekkert lagt til þessarar vinnu. Engu að síður er því haldið fram að verið sé að vinna vandaða 5 ára áætlun í Ráðhúsinu og að við höfum eyðilagt allt með því að krefjast þess nú að farið sé að lögum. Ég verð því miður að segja að ég trúi ekki einu orði varðandi þetta. Ef meirihluta borgarstjórnar hefur ekki tekist að gera annað en Mikka Mús áætlun eftir 8

Bstj. 17. ágúst 2011

mánaða vinnu er engin hætt á að einhver snilld sé að koma upp úr skrifborðsskúffunum hans úr þessu.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Júlíus Vífill Ingvarsson lokið máli sínu. Og næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Kjartan Magnússon.

## 1. mál Frumvarp að þriggja ára áætlun Reykjavíkurborgar 2012-2014; síðari umræða

**Kjartan Magnússon:** Forseti, góðir borgarfulltrúar. Það kemur ekki til af góðu sem það þarf að halda aukafund hér í borgarstjórn í Reykjavík, ekki einn aukafund heldur tvo aukafundi í sumarleyfi borgarstjórnar. Það hefði alveg verið hægt að komast hjá því með vandaðri vinnubrögðum meirihlutans heldur en ástunduð hafa verið. En ég vona að flestir borgarfulltrúar skilji það að okkur borgarfulltrúum Sjálfstæðisflokksins og Vinstri grænna, okkur var nauðugur einn kostur. Okkur var nauðugur einn kostur að óska eftir því að þessir fundir yrðu haldnir hér í sumar og það yrði staðið þannig að málum að þessi 3ja ára áætlun sem hér er fyrirbyggjandi að hún verði tekin fyrir og hún afgreidd. Ég held að flestir sjái það. Mér heyrir svona á umfjöllun fjölmiðla að menn sjái að það var enginn annar kostur, ef að við eigum að rísa undir því að gegna skyldum okkar hér í Borgarstjórn Reykjavíkur.

En þess vegna er það þeim mun furðulegra að borgarfulltrúar meirihlutans og þó sérstaklega Samfylkingarinnar að þeir koma hingað upp og sýna hér stærilæti og vandlæti og jafnvel hroka. Láta sem þeir séu mjög undrandi yfir því að menn skuli gera þessar kröfur. Kannski eru þeir í raun undrandi, kannski átta þeir sig á því að þessi 3ja ára áætlun hún er ekkert grín, ekkert djók. Þetta er áætlun sem þarf samkvæmt lögum að skila og eru viðurlög við því ef svo er ekki. Og það er auðvitað alveg eins og komið hefur hér fram í máli annarra á undan mér að það er algjörlega óviðunandi að slík vinnubrögð séu ástunduð hjá stærsta sveitafélagi landsins og það sé hér af formanni borgarráðs reynt að réttlæta það æ ofaní æ að svo illa sé staðið að málum.

Nú, það verður að bara af því að það virðist þurfa að segja það að leggja áherslu á það af hverju er mikilvægt að Reykjavíkurborg standi sína plikt í þessum málum og fylgi lögunum. Það skiptir mjög miklu máli við núverandi aðstæður í efnahagsmálum og fjármálum borgarinnar að borgin haldi þeirri sterku fjárhagslegu stöðu sem byggð var upp á síðasta kjörtímabili undir forystu Sjálfstæðisflokksins. Ég vil segja meirihlutanum það til hróss að í síðustu fjárhagsáætlun þá var sem betur fer að mörgu leyti haldið áfram á þeirri braut sem mörkuð hafði verið og sú fjárhagsáætlun ber þess merki að ýmsu leyti, ég

Bstj. 17. ágúst 2011

undanskil skattahækkunarinnar, þær voru óþarfar. En á ýmsum stöðum í áætluninni þá kemur fram mikill vilji til þess hjá meirihlutanum að viðhalda að minnsta kosti fjárhagslegri sterkri stöðu borgarinnar og skilningur á því að það þurfi að gera. Það er ekki hægt að gefa neinn afslátt af því í þeim aðstæðum sem nú eru uppi. Og það er mikilvægt að halda þessari stöðu. Minnstu veikleikamerki geta hæglega rýrt traust borgarinnar gagnvart fjárfestum. Traust þeirra er auðvitað forsenda þess að borgin og fyrirtæki hennar geti sótt sér lánsfé á hagstæðum kjörum, fyrir utan það traust sem við eigum að hafa hjá borgarbúum og ríkisvaldinu. Og við þessar aðstæður er það mjög óheppilegt, þó það sé ekki meira sagt, að Reykjavíkurborg skuli ekki skila inn 3ja ára fjárhagsáætlun til ráðuneytis sveitarstjórnarmála.

Þessari áætlun bar borginni að skila samkvæmt 63. gr. sveitarstjórnarlaga. Nú hefur það auðvitað oft komið fyrir, það hefur verið bent á það að skil á þessari fjárhagsáætlun, að skilin hafa dregist og það er ekki bara hjá Reykjavík heldur mörgum öðrum sveitarfélögum. En yfirleitt þegar það hefur dregist hefur það verið um nokkrar vikur og málið hefur verið í ferli og undirbúningi þannig að menn hafa vitað af því og ekki gert stór mál út af því. Við vitum að það getur komið fyrir á bestu bæjum að framlagning á slíkum áætlunum tefst og menn hafa séð í gegnum fingur sér ef menn hafa verið að vinna að málum og komið því út úr heiminum bara um leið og þessi dráttur gerist langur. En það er hins vegar ótækt að þetta dragist úr hömlu eins og hér hefur gerst. Við erum að tala um það að núna eru rúmir 6 mánuðir liðnir síðan að þessari áætlun átti að skila og það er auðvitað algjörlega óviðunandi, fyrir utan þann álitshnekkir sem borgin verður fyrir.

Að borgin þurfi að lifa í ótta við það að hún verði látin sæta viðurlögum vegna óhæfilegs dráttar. Og ég held að ég fari alveg rétt með það að segja að aldrei áður hefur vinna við þessa fjárhagsáætlun tafist svo að ekki hafi náðst að afgreiða hana fyrir sumarleyfi borgarstjórnar. Ég var mjög undrandi að heyra formann borgarráðs lýsa því hér að mönnum hafi bara átt að vera þetta ljóst að þessu yrði skilað svona seint. Ég verð bara að segja það að mér var það ekki ljóst. Mér var einmitt sagt það að þetta yrði afgreitt fyrir sumarleyfi borgarstjórnar og ég tel í rauninni bara að það hefði ekkert átt að senda borgarstjórn í sumarleyfi með þetta mál óklárað. Og þetta er ekkert hvaða áætlun sem er. Þessi áætlun er ein af þremur mjög mikilvægum plöggum sem við eigum að leggja hér fram og afgreiða með að

minnsta kosti tveimur umræðum. Þetta er eins og menn vita fjárhagsáætlun ársins, það er þessi 3ja ára fjárhagsáætlun og ársreikningur. Þetta eru þau þrjú lykilplögg, þau þrjú lykilplögg sem við notum í okkar vinnu. Og ekki bara við í okkar vinnu, þetta eru þau þrjú lykil plögg sem fara út í þjóðfélagið og eiga að vera mjög mikilvægur leiðarvísir fyrir ekki bara okkur heldur líka okkar starfsmenn, sviðstjóra hér í borginni, fyrir almenning, fyrir fjölmiðla, fyrir þá fjölmörgu aðila sem eru í fjárhagslegu sambandi við borgina. Og það er auðvitað algjört lykilatriðið að þessi 3ja ára áætlun að hún liggi fyrir áður en vinna hefst við fjárhagsáætlun næsta árs.

Yfirleitt hefst sú vinna, þessi vinna við fjárhagsáætlun, hún hefst á vormánuðum. Ég hygg að þó það hafi ekki verið staðið nógu vel að málum núna í ár, þá hygg ég að margir samviskusamir borgarfulltrúar, þeir eru svona farnir í huganum að reyna að sjá fyrir sér hvernig fjárhagsáætlun næsta árs lítur út þegar á vormánuðum og sviðin og ráðin er auðvitað að hugsa með svipuðum hætti. Og það er því ljóst að það er ekki bara þessi áætlun sem er í óskilum heldur líka ljóst að með því að skila henni ekki með því að standa ekki vel að gerð hennar þá er vinnan við gerð fjárhagsáætlunar 2012 nú þegar komin í uppnám hjá borginni. Og því miður er þetta ekki eina dæmið um það að það sé ekki vel haldið hér á verkstjórn í Ráðhúsinu. Eins og hér var rifjað upp áðan að þá hefur Kauphöllin beitt Reykjavíkurborg sektarviðlögum fyrir að birta ársreikning sinn of seint. Nú, Kauphöllin hefur líka áminnt borgina fyrir að standa ekki nógu vel að málum þegar Orkuveitan fékk aðstoð í vor fyrir að greina ekki frá milljarða fjárveitingu til Orkuveitunnar í samræmi við sérstakar reglur sem borgin hefur undirgengist og á að hafa tiltækar hér í Ráðhúsinu.

Nú ESA, eftirlitsstofnun EFTA, rannsakar nú hvort að þessar lánveitingar brjóti í bága við EES-samninginn þannig að það hrannast upp dæmin sem gefa það til kynna að hér sé ekki nógu vel staðið að málum. Og síðasta dæmið um það var þetta umrædda áminningarbréf frá innanríkisráðuneytinu þar sem þess var krafist að borgin kæmi þessum málum varðandi 3ja ára áætlun í lag og þetta áminningarbréf kom í rauninni í kjölfar gagnrýni okkar sjálfstæðismanna sem var léttvæg fundin af borgarfulltrúum meirihlutans, sérstaklega Samfylkingarinnar. Það var ekki mark tekið á okkur það virtist þurfa áminningarbréf frá ráðuneytinu

Bstj. 17. ágúst 2011

til til þess að menn gerðu sér ljóst í meirihlutanum alvöru málsins. Og það er auðvitað eitt að svo illa sé haldið á málum af hálfu meirihlutans að borgin þurfi að greiða vanrækslusektir og við erum að samþykkja þessa fjárhagsáætlun hér, 3ja ára áætlun í skugga þess að það eru yfirvofandi frekari viðurlög af hálfu ráðuneytis sveitarstjórnarmála. Viðurlög sem gætu snúist um sektir eða viðurlög sem gætu snúist um það að það sé haldið eftir greiðslum til okkar frá jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Það hlýtur að vera mjög óþægilegt og það er mjög óþægilegt fyrir okkur borgarfulltrúa sem erum allir samviskusamir og reynum að vinna verk okkar eins vel og við getum, það er auðvitað mjög óþægilegt að vinna störf okkar í þessum skugga, að það séu yfirvofandi viðurlög út af þessum málum yfir okkur.

Það er hins vegar með algjörlegum ólíkindum þegar að borgarfulltrúar meirihlutans bregðast síðan hver af öðrum við viðvörunarorðum okkar og óskum um að þessir hlutir séu tafarlaust lagfærðir í samræmi við skýr lagafyrirmæli með því að koma með ásanir á móti um að þetta séu óþarfa upphrópanir og upphlaup þegar að við óskum eftir því að það sé farið að lögum. Við þurfum að forðast sektir fyrir utan þá álitshnekki sem borgin getur orðið fyrir meðal borgarbúa og á fjármálamörkuðum. Það er nú nóg samt. Þá séu þetta bara upphrópanir og upphlaup hjá okkur. Ég held að við eigum að kippa þessum málum í lag. Og það er hins vegar allt annað mál sem má alveg ræða sérstaklega, að ef að þetta eru svo harðar reglur um skil á þessari fjárhagsáætlun að það sé ekki hægt að vinna undir þeim, þá hlýtur bara varaformanni Samfylkingarinnar að vera í lófalagi að fara inn á þingflokksfund, ég held að hann sitji þingflokksfundi hjá sínum flokki, stærsta þingflokksnum, þá hlýtur honum að vera í lófalagi að fara inn á þingflokksfund og óska eftir því að það verði bara fyrsta mál sem verði lagt fram á þingi í haust, verði að afnema þessa hræðulegu kvöð á sveitarfélögin að þau þurfi að skila 3ja ára áætlun.

Það væri gaman, ég myndi bara vilja spyrja varaformann Samfylkingarinnar að því að fyrst að það er svona erfitt að framfylgja þessu, hvort að það sé bara ekki rétt að bera fram lagafrumvarp um að fella þessa skyldu út eða kannski framlengja skilafrest á 3ja ára áætlun að það mætti bara framlengja þann frest út árið eða eitthvað slíkt. Og maður veltir því auðvitað fyrir sér hvað hefði gerst ef við í minnihlutanum hefðum ekki krafist þess að þessum málum yrði komið í lag. Ef

Bstj. 17. ágúst 2011

við hefðum ekki bent á þetta að þetta væri það sleifarlag sem væri í þessu máli og krafist þess að áætlunin yrði lögð fram og tekin fyrir og afgreidd. Hvað hefði gerst?

Miðað við viðbrögð Dags B. Eggertssonar hins ágæta borgarfulltrúa og formanns borgarráðs að miðað við viðbrögð hans að þá heyrir mér að þá væri staðan sú að það hefði enginn fundur verið haldinn. Þetta áminningarbréf frá ráðuneytinu hefði bara verið hlegið ofaní skúffu og Reykjavíkurborg hefði bara með glöðu geði greitt þær sektir og sætt sig við þau viðurlög sem hefðu dunið á okkur frá ráðuneytinu. Mér heyrir það. Mér heyrir að þetta sé ekkert, eins og meirihlutinn lítur á, að þetta sé bara ekkert alvarlegt mál og það sé bara allt í lagi að borga slíkar sektir. Mér heyrir það svona viðkvæðið frá meirihlutanum. Ef við hefðum ekki beðið um þennan fund sem er hér í dag eða þessa tvo fundi, þá hefði þetta mál verið tekið fyrir einhvern tíman í haust með tilheyrandi sektum og viðurlögum af hálfu ráðuneytisins.

Svo verð ég að segja að mér finnst ein auvirðilegasta afsökunin í þessu máli öllu saman er sú skýring að þessi sex mánaða töf sé tilkomin vegna óvissu um tilflutnings á málefnum fatlaðra sem átti sér stað um síðustu áramót. Ég held að það ætti ekki að þurfa að minna á að Reykjavíkurborg hefur áður tekið við stórum málaflokkum frá ríkinu án þess að það hafi sett áætlanagerð sveitafélagsins í uppnám. Hvernig var það þegar að borgin tók við málefnum grunnskólans fyrir rúmum tíu árum? Ég man ekki eftir því að borgin hafi notað það – það var stærsti málaflokkurinn sem borgin hefur nokkurn tíma tekið við var þá fluttur yfir, gífurlega stór málaflokkur var þá færður til borgarinnar. Þá var mjög mikil óvissa uppi og það tók langan tíma að greiða úr þeim vanda. En ég man ekki eftir því að þrátt fyrir að óvissa hafi verið uppi hafi meirihlutinn þá að hann hafi einu sinni reynt eða nokkurt sveitafélag í landinu hafi reynt að nota það sem afsökun fyrir að skila ekki lögbundnum áætlunum, ekki að nokkru leyti.

Lítum á upphæðirnar. Það má líka nefna það að það var ekki bara Reykjavík sem var að taka á málefnum fatlaðra heldur öll sveitarfélög landsins. Ég hef ekki heyrt að neitt annað sveitafélag hafi reynt að nota það sem afsökun að skila ekki slíkum áætlunum. Og hverjar eru upphæðirnar. Það mætti halda að þetta skipti svo miklu máli í heildarsamhengi hlutanna þessi gífurlega flókna og erfiða tilfærsla. Hún

Bstj. 17. ágúst 2011

skiptir svo miklu máli í heildarsamhengi hlutanna að borginni væri bara ekki stætt á öðru en að bíða með að skila þessu af sér. Eftir því sem ég veit best þá verða þetta um 4 milljarðar sem verða fluttir frá ríki til borgarinnar vegna tilflutnings málefni fatlaðra í Reykjavík og á Seltjarnarnesi reyndar líka. Mér skilst að ágreiningur sé við ríkið út af um 440 milljónum kr., óvissan er út af 440 milljónum kr. Hvaða upphæð er það í heildarsamhengi hlutanna? Kíkjum á það.

Þessi upphæð er vel innan við 1% af ársveltu borgarsjóðs og hún er innan við 0,5% af samstæðureikningi borgarinnar sem er hér allur undir í þessari 3ja ára áætlun. Fulltrúar meirihlutans, forsvarsmenn meirihlutans þeir segja sem sagt; að vegna óvissu sem nemur vel innan við 0,5% af þeim reikningi sem hér liggur undir, þessari 3ja ára áætlun að þá þurfi að fresta allri áætlun framlagningu á henni. Að stærsta sveitarfélag landsins okkar góða starfsfólk hér í Ráðhúsinu, fjármáladeildin í Ráðhúsinu ásamt ötulum starfsmönnum fjármáladeilda út á sviðunum ná ekki að skila þessu af sér út frá þessari óvissu. Og þá spyr ég: Við hverju er að búast ef við lendum í frekari ágreiningi við ríkið um tekjustofna, eins og við erum nú oft í eða verðum fyrir óvæntum áföllum sem munu skapa óvissu upp á nokkur hundruð milljónir?

Gerist það og annað eins hefur nú gerst, trúið mér kærur borgarfulltrúar, er þá bara ekki meirihlutinn kominn með fína afsökun fyrir því að skila ekki lengur áætlun? Má búast við því að það verði vinnulagið hér á þessu kjörtímabili að ef að það verður einhver skekkja að það myndast einhver óvissa, einhver ágreiningur við ríkið út af nokkur hundruð milljónum þá verður það notað sem fjarvistarsönnun eða sem afsökun fyrir því að skila ekki áætlun. Ég fagna því hins vegar, orðum meirihlutans. Hér hefur verið talað um 5 ára áætlanir, að það ætti að fara að skila inn 5 ára áætlunum og ég held bara að það sé hið besta mál. En áður en menn fara að berja sér á brjóst og sýna hvað þeir hafi rosalega mikla framtíðarsýn sem er svona eitt helsta tískuorðið nú um mundir að þá bið ég þá um að koma fyrst þessum lögbundnu skilum í lag. Koma fyrst þessum málum í lag eins og með 3ja ára áætlunina og síðan skulum við taka vel í að vinna 5 ára áætlanir eða 10 ára áætlanir eða hvað sem menn vilja.

Það er líka umræða sem á alveg rétt á sér hvort að sú áætlun sem hér er lögð fram að hún sé góð áætlun eða bara fúsk og einfaldir framreikningar. Ég met það við

Bstj. 17. ágúst 2011

borgarstjórninn að hann skuli sýna þá hreinskilni að þetta sé bara einfaldur framreikningur eins og reikningurinn ber með sér. En auðvitað verðum við að fara að lagafyrirmælum og auðvitað er æskilegt að við reynum í sameiningu að bæta okkar áætlanagerð og það ætti að vera hægt í sameiningu, þannig að þetta séu meira en einfaldir framreikningar. Ég ætla þó ekkert að gera of lítið úr því að einfaldir framreikningar séu lagðir fram. Í þeim felst þó ákveðin stefna til framtíðar. Bara eins og í þessari áætlun þá eru ýmsir hlutir sem maður sér betur þegar að þeir standa svart á hvítu á blaði, til dæmis eins og með háskattastefnu meirihlutans.

Þá stefnu meirihlutans sem er fylgt eftir í vinstri stjórni, bæði í ríkisstjórn og hér í borgarstjórn að það sé hægt að hækka alla skatta sem mest. Það er bara ákveðin stefna. Og þessi áætlun ber það bara með sér að þessi meirihluti ætlar að halda sköttum í hámarki á líftíma þessarar áætlunar. Það er bara ágætt að sjá það svart á hvítu, það þarf ekkert að fara yfir það sérstaklega. Og borgarstjórnin sagði að í þessari áætlun væri svo sem engin sýn til framtíðar en það er að minnsta kosti sú sýn. Þá sér maður að það á að halda sköttunum háum, það er að minnsta kosti sú sýn sem er í þessari áætlun.

Það væri gaman að heyra það frá Besta flokknum sem hefur sagt það hér margoft að hann sé kominn nýr að þessum málum og þekki ekki þessi vinnubrögð sem hafi verið stunduð í Ráðhúsinu. Það er ekki mikið lengur sem þessi ágæti flokkur getur notað í rauninni reynsluleysi sitt sem skálkaskjól fyrir óvönduðum vinnubrögðum. En gott og vel, ég held að með þessum fundum hér að undanfögnu þá hafi okkur tekist að sýna fram á að það þarf að standa betur að málum en gert hefur verið og það væri gaman að fá fram betur en hér hefur gerst á fundinum svona viðhorf Besta flokksins til þessarar áætlanagerðar og hvort að hann telji að hér hafi bara verið allt í lagi staðið að málum.

Mér finnst það frekar verið oddviti Samfylkingarinnar sem hér hefur verið þessi vinnubrögð og talað eins og þau væru allt í lagi. Það væri gaman að heyra það betur frá borgarstjóra og öðrum borgarfulltrúum Besta flokksins hvað þeim finnst um þetta, hvort að þau telji þessi vinnubrögð, ég býst nú við að vinnubrögðin í þessu máli hafi aðallega verið undir forystu formanns borgarráðs sem fer með fjármálin frá degi til dags. Að það væri gaman að heyra það frá borgarfulltrúum

Bstj. 17. ágúst 2011

Besta flokksins sem kemur hér nýr og ferskur að borðinu eða gerði fyrir einu ári, hvort að honum finnst bara að í lagi að slík vinnubrögð séu ástunduð og hvort að það megi búast við því að þau verði ástunduð hér frekar í framtíðinni.

Þannig að það er alveg ljóst að verkstjórnin í Ráðhúsinu, þetta er einmitt dæmi um það að hún er ekki góð. Borgarbúar hafa þegar fengið að kynnast verkstjórn meirihlutans með upplausn í skóla og frístundamálum, vandræðagangi í sorphirðu og aðgerðarleysi í umhirðu borgarlóða svo nokkur atriðið séu nefnd, til dæmis varðandi slátt í sumar. Fjármál borgarinnar eru ekki jafn sýnileg og mörg önnur bein þjónusta við borgarbúa, en kæruleysi og sleifarlag í þeim efnum getur ekki síður haft alvarlegar afleiðingar. Ég vildi skora á meirihlutann að taka þessi mál alvarlega. Það þarf að gera það og láta sér þetta að kenningu verða og reyna kannski að nýta lexíuna af þessu máli sem tækifæri til þess að standa betur að vinnu við gerð fjárhagsáætlunar sem nú á auðvitað að vera komin í fullan gang.

Og ég vona að við getum tekið höndum saman um það hérna í borgarstjórn að vinnan við gerð fjárhagsáætlunar fyrir næsta ár verði betri og vandaðri og ítarlegri heldur en hún var í fyrra og ef okkur tekst það þá getur umræðan í kringum þetta mál vonandi skilað okkur eitthvað fram á veginn.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Kjartan Magnússon lokið máli sínu. Og næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson.

## 1. mál Frumvarp að þriggja ára áætlun Reykjavíkurborgar 2012-2014; síðari umræða

**Gísli Marteinn Baldursson:** Forseti, ágæta borgarstjórn. Það er ekki neitt gleðiefni að vera að fjalla um þessa 3ja ára áætlun hér í borgarstjórn öfugt við það sem verið hefur að mínu mati þegar að við höfum venjulega fjallað um 3ja ára áætlun, vegna þess að það hefur verið ákveðið tilhlökkunarefni bæði fyrir meirihluta og minnihluta að geta komið hingað inn og horft aðeins fram í tímann, aðeins lengra heldur en bara hið pólitíska dægurþras. Og mjög gjarnan hefur verið sátt um þau meginmarkmið sem menn hafa viljað stefna að í 3ja ára áætlun, meiri sátt heldur en kannski þar sem að menn ætla bara að gera á næsta ári, það er að segja í fjárhagsáætlunum næsta árs. Vegna þess að í 3ja ára áætlun þá reyna menn að taka breiðu línurnar. Segja svona hvert borgin eigi að stefna. Hvar við viljum vera eftir þrjú ár sem er nokkuð langur tími. Við erum bara kosin til fjögurra ár og það hefur þess vegna oft myndast meiri sátt um þau atriði sem koma fram í 3ja ára áætlun heldur en þau sem að kannski eru hér í daglegu þrasi.

Ekkert af þessum gleðiefnum er þó upp á borðinu í dag og meirihlutinn lætur eins og það sé bara alveg eðlilegt og það hafi ekki verið hægt að hafa þessa áætlun þannig að hér væri eitthvað að marka það sem að hér væri um rætt. En eins og borgarfulltrúi Kjartan Magnússon benti hérna ágætlega á þá er frávikið, sem óljóst er út af flutningi málefna fatlaðra, ekki það mikið að hér hefði vel verið hægt að gera betur. Og ég vildi óska að menn hefðu gert hérna betur. Vegna þess að ég átta mig ekki einu sinni á því og ég veit ekki hvort að borgarfulltrúar meirihlutans átta sig sjálfir á því hvort að hér sé hægt að ræða um eitthvað efnislega. Er til dæmis hægt að ræða um það hér efnislega, svo að ég taki dæmi af máli sem við höfum rætt hérna í borgarstjórn og verið sammála um að við ætlum að breyta inn í framtíðina.

Er hægt að ræða um það hér efnislega hvort að framlög til Strætó verði áfram jafnlág og þau áttu að vera? Áttu þau ekki að hækka núna í haust? Er ekki haustið bara í næsta mánuði? Stóð það ekki hér upp úr hverjum og einum borgarfulltrúa Besta flokksins að þetta væri bara tímabundið. Það ætti svo sannarlega að auka framlögin til Strætó. Nú er ég bara að taka eitt dæmi af handahófi. Vegna þess eins og ég segi að þá er ég ekki viss um að það sé hægt að fara að ræða þetta

Bstj. 17. ágúst 2011

efnislega. En það er alveg ljóst að það er ekki gert ráð fyrir þeirri hækkun sem þeir voru hér búnir að lofa, bæði okkur í borgarstjórn og öðrum borgarbúum, að mundi koma. Það er ekki hérna inni. Og ég væri til í að fá að heyra það frá borgarfulltrúum Besta flokksins sem fara nú með umhverfis- og samgöngumálin í þessum víðari skilningi. Hvers vegna það er ekki hérna inni? Mun það vera hérna inni þó svo að það sé ekki í þessari áætlun? Mun það koma í hinni rómuðu 5 ára áætlun og hvers vegna var það þá bara ekki sett hérna inn líka? Af því að þessi 5 ára áætlun á að koma hér eftir einn mánuð.

Þannig að það eru fleiri svona mál. Inni í þessu plaggi ætti að koma til dæmis leið sem við getum farið til þess að afla okkur tekna eins og til dæmis sala Gagnaveitunnar, sem ég held að margir borgarfulltrúar væru tilbúnir til að styðja og mundi skapa okkur tekjur hér til þess að gera áhugaverða hluti hér í borgarstjórn. Hún ætti að vera hérna inni ef að við ætluðum okkur að fara í það, en er ekki hér inni. Og ég er enginn sérstakur formalisti í svona einhverju. En þetta er engu að síður áætlun um það hvað við ætlum að gera næstu þrjú árin og inn í þessu er rosalega lítið af draumunum sem mér fannst menn vera með enda finnst mér menn sitja hérna eins og dæmdir menn, ekki eins og þeir draumar séu mjög lifandi eða vakandi. Og ég tek fram að ég skil alveg allt sem kemur fram í forsendunum og ég heyrði alveg ræðuna hjá borgarstjóra um það að þetta væru einfaldir framreikningar. Ég veit allt um það. En ætla menn síðan að koma með 5 ára áætlun þar sem að næstu þrjú ár eru allt öðru vísi heldur en hér, það er það sem ég hef ekki alveg áttað mig. En ég segi það alveg af heilum hug að ég vona að svo verði. Ég vona að svo verði.

Það þreytir mig hins vegar rosalega að heyra alltaf talað um 5 milljarða kr. gatið sem orðið hafi að stoppa upp í með skattahækkunum. Það er ekkert gat nema að menn vilji það. Ef menn setjast niður og segja; bíddu nú við hvað á ég mikinn pening til þess að nota á næsta ári og þegar að það er komið á hreint þá ákveður maður hvað maður gerir, þá myndast aldrei neitt gat. En ef maður byrjar á því að segja; já, ég ætla að gera svona mikið á næsta ári og svo fattar maður að maður á ekki pening fyrir því, jú, þá er gat. En þetta snýst um það hvernig maður nálgast hlutina og ef að mönnum finnst það bara í lagi að hækka skatta, þá búa þeir sér til gat til þess að stoppa upp í með skattahækkunum.

Bstj. 17. ágúst 2011

En hin leiðin ef þeir trúá því í eðli sínu að það sé ekki hægt að velta byrðunum yfir á skattgreiðendur hér, minnka hjá þeim kaupmáttinn, eins og Hanna Birna fór ágætlega hérna yfir, þá gerir maður þetta hinsegin og segir: ókei, hvað eigum við mikinn pening og hvernig getu við best nýtt þann pening, hvað þurfum við að gera til þess að við getum sett peninginn í það að breyta hér samgöngumynstri borgarbúa eða eitthvað slíkt. Hvernig getum við nýtt hann betur þannig að við höfum efni á því að búa almennilegt aðalskipulag fyrir borgina, þá forgangsraðar maður innan þess, þá er ekkert gat. Þá erum við bara með ákveðna peninga til ráðstöfunar og við förum ekkert upp fyrir það. Þannig að umræðan um gatið er svona aðeins farin að verða þreytt að mínu mati.

En ég ætla að leyfa mér að þakka borgarstjóra fyrir svona ákveðna hreinskilni í þessari umræðu og vera ekki að reyna einhvern veginn að vera með eitthvert leikrit um það hvað hér er um að ræða. Miklu málefnalegra og betra heldur en til dæmis þessi fráleita uppákoma hér þegar að formaður borgarráðs ákvað að búa til þetta leikrit að Sjálfstæðisflokkurinn væri í raun hlynntur skattahækkunum. Ég held að öllum hafi liðið illa undir þeirri ræðu enda vita allri að við erum ekkert til í það og allri sem ekki beinlínis vildu misskilja Hönnu Birnu borgarfulltrúa áttuðu sig nákvæmlega á því um hvað hún var að tala. Og það sem hún var að segja er alveg hárrétt að við vorum ekki tilbúin til þess að hækka skattana en það þýðir ekki að við hefðum verið eins og þvergirðingar í því að ræða um alls konar aðra hluti sem hægt hefði verið að ná samstöðu um.

Við erum sjálfsagt eins og þvergirðingar þegar kemur að því að hækka skatta, það skal alveg viðurkennt, en við erum það ekki þegar að kemur að því hvar væri hægt að skera niður, hvar væri hægt að hækka gjöld. Hvar við gætum linað þjáningar fólksins í borginni, en hvar við gætum hins vegar sagt: ókei, þetta er meiri lúxus og menn geta þá borgað fyrir þetta þeir sem vilja. Mér finnst að sú umræða eigi að vera á þverpólitískum grunni, vegna þess að ég veit alveg að það er erfitt að vera í meirihluta og ætla að fara í alls konar erfiðar breytingar ef að menn eiga von á því að minnihlutinn stökkvi á allt saman og geri það tortryggilegt. Það er miklu auðveldara að gera það saman og við sameinumst um að standa heil að baki slíkum erfiðum tillögum.

Bstj. 17. ágúst 2011

Og ég mæli með því eindregið að meirihlutinn leiti samstarfs eins og ég reyndar í þeim tveimur nefndum sem að ég er og hafa þegar hafið sína fjárhagsáætlunargerð á starfsdögum, umhverfis- og samgönguráði og skipulagsráði þar verð ég var við mikinn samstarfsvilja og ég held að það muni skila sér og vona að það geri það. Og ég vona að það verði líka á vettvangi borgarráðs og annars staðar. En í umræðu um 3ja ára áætlun hafa mjög oft fallið alls konar stór orð. Það eru ekki mörg ár síðan að Samfylkingin öskraði það hér á torgum að það væri framkvæmdastopp í Reykjavík, þegar að Sjálfstæðisflokkurinn skilaði 3ja ára áætlun sem að vissulega gerði ekki ráð fyrir mjög umsvifamiklum framkvæmdum, vegna þess að þá eins og nú þurfti að skera niður og halda að sér höndum.

Þá var ekki mikill skilningur á því og það var öskrað framkvæmdastopp og Sjálfstæðisflokkurinn ætlaði að stuðla að atvinnuleysi í borginni með því. Ég held að það séu ástæður til slíkra upphrópana. Það hefur verið farið ágætlega yfir það af hverju þetta er svona seint á ferðinni. Það er auðvitað það sem fyrst og fremst er á mælisvert. Á óvissutímum er í sjálfu sér alveg hægt að skilja það að menn vilji framreikna þetta með þessum hætti, þó svo ég hefði gjarnan viljað fá meiri útskýringar á því hvernig menn ætluðu að fara með alls konar mál sem við höfum hér verið að ræða í borgarstjórn og ég hafði séð fyrir mér að við mundum sjá í 3ja ára áætlun að einhver áherslubreyting yrði. Það sæist að hér væri ný hugsun komin inn í borgarstjórn. Það á ekki bara við að það sé nýtt fólk komið í formi Besta flokksins heldur ný hugsun í öllum flokkum sem að ég held að við getum náð samstöðu um ef við viljum.

Ég ætla ekki að hafa þetta lengra, virðulegi forseti. Ég tek undir það sem félagar mínir hafa sagt hér úr þessum stóli. Við eigum að láta okkur þetta að kenningu verða, við eigum að gera þetta betur. Ef að planið var bara að skil þessu svona, þá áttum við auðvitað að gera það bara fyrir sumarfrí. Það hefði ekkert staðið á okkur sjálfstæðismönnum. Þetta hefði ekki þurft að vera heill fundur um þetta ef þetta hefði verið svona og við gert þetta á réttum tíma og við eigum að læra af því. En ég ítreka tilhlökkun mína að fá að sjá áherslur þessa meirihluta inn í framtíðina. Við höfum ekki fengið að sjá neitt á spilin um það hvaða áherslubreytingar verða þar frá því sem var í fjárhagsáætlun 2011, sem mér fannst meirihlutinn vera að

Bstj. 17. ágúst 2011

mörgu leyti óánægður með sjálfur. Þannig að ég á von á betri tíð með blóm í haga þegar að við fáum að sjá næstu áætlanir.

**Forseti:** Það hefur borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson lokið máli sínu. Næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir.

## 1. mál Frumvarp að þriggja ára áætlun Reykjavíkurborgar 2012-2014; síðari umræða

**Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir:** Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Það er gaman að sjá svona rífandi umræðu frá hendi meirihlutans í Reykjavík hér í dag. En borgarstjóri hóf þennan fund á mjög stuttri ræðu líklega stystu ræðu sem að hefur verið haldin í kringum 3ja ára áætlun hingað til og hann viðurkenndi, með leyfi forseta, á heiðarlegan hátt að þetta plagg væri alls ekki mikið upplýsingasafn í framtíðina. Meirihlutinn hefur hins vegar vísað í ýmsar ástæður fyrir því að þetta sé ekki mikið upplýsingasafn. Það hefur verið umfjöllun um það að við höfum ekki klárað tilfærslu á þjónustu fatlaðra, að Ítalía sé í erfiðum málum og ýmislegt sem hefur verið tínt til. En það eru þessar setningar eins og þetta, að þetta sé alls ekki mikið upplýsingasafn í framtíðina sem truflar mig ógurlega í þessari umræðu.

Þó hér dæsi meirihlutinn yfir því að við séum að endurtaka okkar skoðun um að það sé ekki í lagi að draga svona vinnu og að mikilvægi 3ja ára áætlunarinnar sé mjög mikið, þá er kæruleysið, tilgangsleysið og áhugaleysið svo miklu djúpstæðara um þessa áætlun að þessi orð verða ekki nægjanlega oft sögð. Þessi 3ja ára áætlun er ekki bara eitthvað plagg sem enginn getur tekið mark á eða ekki þarf að taka mark á heldur er þetta lögbundið plagg sem allir starfsmenn Reykjavíkurborgar fletta upp í til þess að kynna sér. Hver er spáin um tekjurnar? Hver er spáin um kostnaðinn? Hverju er spáð um framlag til málaflokkanna sem undarlega hvarf út úr 3ja ára áætlun í þetta sinn? Hvers vegna er ekki birt spáin hvað málaflokkarnir eiga að fá næstu þrjú árin? Ég óska svara við þessu á fundinum.

Mér finnst bara mjög óeðlilegt að skoða þetta plagg og sjá að ekki er einu sinni gerð tilraun til að gera copy-paste fyrir málaflokkana og það hlýtur eitthvað að búa að baki þar. En því miður er það svo að í ár er það þannig að þessi 3ja ára áætlun er eitthvað plagg sem ekki er hægt að taka mark á. Ekki einu sinni borgarstjóri því að hann veit að það var engin vinna sett í hana. Áætlunin í ár hins vegar, fjárhagsáætlun 2011 er heldur ekki plagg sem hægt er að taka mark á, hún mun aldrei standast. Ég nær fullyrði að nær engar hagræðingaraðgerðir sem boðaðar voru hafa náðst að fullu, þó að ýmislegt hafi verið boðað um að þetta mundi allt ganga fram og að 5 milljarða kr. gatið væri alveg gífurlegt. En við

Bstj. 17. ágúst 2011

munum sitja eftir nú líklega bara strax við 6 mánaðauppgjör að við munum ekki ná að loka þessu gati. Það þarf aðeins að nefna ruslatunnugjöld og sameiningar skóla í þessu samhengi. Þetta er ekki að nást. Sú áætlun var einmitt unnin mjög hratt og of kæruleysislega, illa útfærð og fullkomlega óraunhæf. Vissulega voru margar nefndir og ráð er unnu dag og nótt við að búa til hugmyndir og gera hitt og þetta, en það var aldrei útfærsla á neinum erfiðum ákvörðunum enda var bara farið af stað og ekki reiknað út. Alltof seint var fundið út að þetta var ekki að skila því sem ætlast var.

Og svo talar Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi í síendurtekinni uppákomu hér í borgarstjórnarsalnum, með leyfi forseta, um óábyrga sýndarmennsku pólitík. Ég get ekki betur séð en að allar þessar áætlanir séu ekkert annað en sýndarmennska. Svo gengur sami borgarfulltrúi, sem gekk hér út um leið og ég byrjaði að tala um hann, Dagur B. Eggertsson formaður borgarráðs og varaformaður Samfylkingarinnar hér um yfirlit yfir skattahlutföll ólíkra landa, sigrihrósandi og opinberar það fyrir okkur öllum að hann skilji ekki alveg muninn á skattbyrði og skatttekjum. Inni í svona yfirlitsplöggum er akkúrat engar upplýsingar um skattaafslætti eða aðrar skattaleiðir sem eru faldar á mismunandi vel útfærðan hátt.

Einmitt sú norræna velferðarstjórn sem varaformaður er talsmaður fyrir er hreinlega mesta skattastjórn á Norðurlöndum. Beinn samanburður á tekjusköttum segir ekkert um þá staðreynd. Líklega er varaformaðurinn að réttlæta fyrir sjálfum sér og hér okkur hinum allavega að gera tilraun til þess að aukin skattheimta er staðreynd hjá ríkisstjórninni er staðreynd hjá ríkisstjórninni sem hans flokkur leiðir. Og segjum það bar hreint út, áætlanagerð er ekki sterkasta hlið meirihluta Besta flokksins og Samfylkingarinnar. Stefnumótun og framtíðarsýn alls ekki. Kannski má segja, það er þó verið að gera áætlanir, en það er ekki verið að leggjast yfir tölurnar og ræða framtíðina í neinu samhengi. Eins og góður maður sagði; planið skiptir kannski ekki máli heldur vinnan sem er sett í planið. Við erum öll sátt við það að það standast ekki allar tölur ef það er mikil og góð vinna sett í planið.

Þessi 5 ára áætlun sem borgarfulltrúar eru að nefna ítrekað hér og enginn hefur séð drög að nema þeir kannski sjálfir, ég spyr borgarstjóri hér á fundinum, nú er er búið að boða að hún komi í september. Ef svo er hvers vegna var ekki hægt að

Bstj. 17. ágúst 2011

fylla betur út í ramma 3ja ára áætlunar. Ekki eru þið komin svo skammt á veg með 5 ára áætlun að ekki séu mikilvægar forsendur fyrirbyggjandi. Þetta eru vinnubrögð sem endurspeglar alltof mikið kæruleysi, of mikið metnaðarleysi og leti að mínu mati, að geta ekki sett saman 3ja ára áætlun með forsendum sem hægt er að færa sæmileg rök fyrir þrátt fyrir ytri aðstæður eða draga fram einhverja mynd af svartsýnisþá eða bjartsýnisþá hér á þessum fundi þó að það sé ekki nema í töluðum orðum er eins og að skila inn ömurlegu verkefni til kennarans; internetið var bilað og ég gat ekki fundið neinar heimildir.

Nema að hér erum við að tala um lögbundið verkefni sem á að skila, sem á að vera Reykjavíkurborg til fyrirmyndar. En líklega er meirihluti Besta flokksins og Samfylkingarinnar að setja meiri tíma í að búa til minnisblöð um hrútaflaup niður Laugavegin heldur en forsendur í fjárhagsáætlun. Ég ætla ekki að eyða meiri tíma hér í ræðuhöld heldur en að meirihlutinn eyddi í að klippa og líma verkefnið sitt sem þeir kalla alls ekki mikið upplýsingasafn um framtíðina. Ég bendi hins vegar á að þetta er meirihluti sem ætlaði að breyta vinnubrögðum, ætlaði að auka samstarf meirihluta og minnihluta, ætlaði að leyfa íbúum að taka meiri þátt. Þetta var meirihlutinn sem var með miklar yfirlýsingar um brosandir borgarstjóra, leikvelli fyrir afa og ömmu, en fattaði svo snögglega enda enginn með bros á vör að til að eitthvað gerist þarf að alls konar leiðinlega innivinnu.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir lokið máli sínu. Og næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Einar Örn Benediktsson.

## 1. mál Frumvarp að þriggja ára áætlun Reykjavíkurborgar 2012-2014; síðari umræða

**Einar Örn Benediktsson:** Forseti, ágæta borgarstjórn. Hér er líf og hér er fjör, þó að það sé ekki sumarleyfi. Ég hef nú hafið störf aftur eftir sumarleyfi og er búinn að halda einn ráðsfund og byrjaði þar á að vinna fjárhagsáætlun. En hér er til umræðu 3ja ára áætlun sem var lögð fram. Og áætlanir eru alltaf áætlanir og þær geta brugðist. En hérna það sem ég hef heyrt hérna í dag það ætla ég að taka til mín. Og við kannski svona að minnsta kosti í Besta flokknum reynum þá að bæta okkar vinnu á einhvern hátt í þessu og ekki að láta svona tímasetningar rugla okkur í ríminu heldur standa bara við þær.

Og það var minnst aðeins á Strætó, af hverju það væri ekki minnst á Strætó inni í planinu, að er það sem ég vinn þar eftir er að það er talað um ákveðna samgönguáætlun sem að hugsanlega á að setja milljarð í, þá kemur eitthvað til almenningsgangna á öllu höfuðborgarsvæðinu og þá verður það unnið úr því. Ef að það væri sett inn í áætlunina og síðan veður ekki af þessum milljarði að þá er þessi áætlun, þá á henni eftir að skeika mikið. Þannig að þá er það spurningin hvernig þessar áætlanir eiga að vinna.

Á síðasta föstudag var boðaður fundur fyrir alla borgarfulltrúa sem átti að vera kynning á 3ja ára áætluninni og hún var að beiðni að ég held borgarfulltrúa Þorbjargar Helgu Vigfúsdóttur. Og klukkan þrjú að þá var enginn kominn og klukkan fimm mínútur yfir þrjú þá voru tveir komnir, en við vorum fjögur sem að mættum á þennan mikilvæga fund til þess að fara kannski yfir þessar áætlun. Og þar er kannski sá vettvangur líka sem að við borgarfulltrúar getum notað til þess að fara yfir þessar áætlanir og ræða þær þá í þaula í staðinn fyrir að nota þennan uppítíma hérna til þess að ræða þessa áætlun til þess að taka einhver skref áfram, þar sem að við gætum farið þá að ræða ja dýpra, farið aðeins ofan í málið. En ég ætla ekki að segja að áhuginn hafi ekki verið nægur. Það er búið að tala um að það hafi verið sumarleyfi og einhverjir hafi þá ekki getað komist, en þeir komust þó þeir sem komu og það voru þá fjórir sem er ágætt.

Að gefnu tilefni að þá talaði borgarfulltrúi Júlíus Vífill Ingvarsson áðan og hann las hérna úr bréfinu sem er sent 21. júlí: „Að Kauphöllin áminnir Reykjavíkurborg opinberlega og beitir févítí að fjárhæð 1,5 milljónum ...“ með leyfi forseta, ég

Bstj. 17. ágúst 2011

gleymdi að segja það, ég ætlaði að fá að lesa uppúr þessu bréfi. „...fyrir ofangreind brot á reglum Kauphallarinnar. Kauphöllin álitur að með háttsemi sinni hafi útgefandi gerst brotlegur við ákvæði 431 í reglunum.“ Og það sem að ég ætlaði að segja hérna að ég hnaut um að þetta er í annað sinn sem að Reykjavíkurborg hefur fengið áminningu.

Í fyrra skiptið það var 10. júní 2010 og þá var ég nú ekki hérna. Ég man hvar ég var, ég var á Spáni, en ég var þá í sumarleyfi en ég var ekki, jú ég var kosinn borgarfulltrúi en ég hafði ekki tekið til starfa, en þessu var þá beint til borgarstjóra þá Hönnu Birnu Kristjánsdóttur og þetta var þá fyrsta áminningin sem Reykjavíkurborg fær. Og í annað skipti þá beita þeir févíti. Þannig að það sem ég vildi segja með þessu er einfaldur hlutur, að auðvitað á að reyna að mæta öllum þeim tímasetningum og er það auðvitað miður ef að það tekst ekki. Og batnandi manni er best að lifa. Og ég held að við í Besta, að við reynum að vinna betur þá. Takk.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Einar Örn Benediktsson lokið máli sínu. Og þá tekur borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir til máls.

Bstj. 17. ágúst 2011

## 1. mál Frumvarp að þriggja ára áætlun Reykjavíkurborgar 2012-2014; síðari umræða

**Hanna Birna Kristjánsdóttir:** Forseti, borgarfulltrúar. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu, en ég held að Einar Örn Benediktsson sem fer hér mikinn um mætingu manna í nefndir og ráð, og mælir það sem áhuga manna til að takast á við verkefni, eins og hann gerði hér áðan í sinni ræðu. Þá ætti hann til dæmis að spyrja hæstvirtan borgarstjóra að því sem notar allar afsakanir í veröldinni fyrir sínu aðgerðarleysi í þessu starfi sem hann er að gegna í Orkuveitu Reykjavíkur. Þá held ég að hann ætti til gamans að spyrja hann að því hversu oft hann hafi mætt á eigendafundi Orkuveitu Reykjavíkur og spyrja síðan hvers vegna það sé. Ég held að það sé þrisvar af tólf skiptum, eins og Sóley Tómasdóttir fór hér einu sinni yfir. Þannig að ég held að menn ættu nú svona áður en þeir fara að kasta steinunum aðeins að átta sig á því hvort að þeir séu staddir í glerhúsi, sem ég held að sé nú í þessu tilviki.

Og ég held líka áður en Einar Örn Benediktsson tjáir sig eins og hann gerir um áminningar í málefnum Reykjavíkurborgar þá ætti hann að kynna sér málið. Ég held líka að þessi borgarfulltrúar sem hér eru ættu að átta sig á því að sú áminning er með allt, allt, þetta er eins og að bera saman epli og appelsínur. Þær áminningar eru lagðar fram til stjórnvalda á milli stjórnvalda, þær eru ekki einu sinni opinberar. Okkur var bannað í borgarráði, en það er gott að vita af því að það er ekki lengur þannig, vegna þess að bréfið sem að fór núna á milli Kauphallar og borgarinnar útaf áminningunni og fjársektunum, núna 2011, var bannað að yrðu birtar opinberlega. Það var gengið svo langt í því að senda okkur sérstakan tölvupóst sem sitjum í borgarráði og minna okkur á það að þessir óopinberu áminningar og að þessu bréfaskipti sem hafa farið fram séu trúnaðarmál.

En hér síðan vitna menn í nákvæmlega sömu bréf frá árinu 2010 og það er það allt í lagi, en þá er líka gott að vita af því. Því að þessar óopinberu áminningar eru allt annar hlutur, þær eru stjórnsýsluleg samskipti á milli stofnanna og fela í sér það að ef að Reykjavíkurborg hefði ekki brugðist við því þegar að háttvirtur borgarfulltrúi Einar Örn Benediktsson var staddur á Spáni, þá hefðum við fengið fjársekt og opinbera áminningu. Það er munurinn og það er allt annar hlutur. Við því var brugðist þá og hefur áður verið gert. Við því var ekki brugðist núna 2011.

Bstj. 17. ágúst 2011

Og þess vegna fengu menn opinbera áminningu og fjársekt. Þannig að ég held áður en menn fara mikinn í því að apa upp eftir eitthvað sem einhver er búinn að segja þeim, að þá ættu þeir að kynna sér málið og í þessu tilviki er það þannig.

Og hins vegar er það líka alvarlegt að ef það er þannig og það er gott að vita af því, vegna þess að samskiptin sem áttu sér stað á milli Reykjavíkurborgar og Kauphallarinnar um þessi mál árið 2011 eru í hæsta máta vandræðaleg fyrir þessa borgarstjórn. Eru í hæsta máta vandræðaleg fyrir þessa borgarstjórn. Og þar eiga sér stað samskipti og samtöl sem benda ekki til þess að hér hafi verið haldið á þessu máli af mikilli fagmennsku eða miklum metnað á undanförunum vikum og mánuðum. Og við vorum beðin um það bæði munnlega og skriflega að virða það að þessar óopinberu áminningar, eins og þær heita, eru ekki birtar vegna þess að þær eru ekki opinber áminning.

En síðan kemur borgarfulltrúi Einar Örn Benediktsson og bara gerir grein fyrir þessu hér. Þannig að þá hljótum við að líta svo á að trúnaðurinn sem að er um þessi plögg og var sérstaklega ræddur í borgarráði, fyrst hann gildir ekki fyrir 2010 þá gildir hann varla fyrir 2011. Þannig að ég held nú að áður heldur en að menn fara hér mikinn um einhverja hluti sem að þeir hafa greinilega ekki kynnt sér heldur einhver sagt þeim og meira að segja gengið svo langt að sama villa var birt í fjölmiðlum nú í síðustu viku, sá fjölmiðill sá nú reyndar sóma sinn í því að birta leiðréttingu á því, vegna þess að þeir áttuðu sig á mistökunum. En það er ekkert sambærilegt borgarfulltrúi Einar Örn Benediktsson að fá áminningu sem er óopinber og er áminning til stjórnvalds um að bregðast við innan ákveðins tíma, heldur en að fá opinbera áminningu og síðan fjársekt og að reyna að bera það saman er eins og ég segi að bera saman epli og appelsínur. Og ég held að þessir sömu borgarfulltrúar og fara hér yfirleitt mikinn í alls konar umræðum ættu að kynna sér, við eru aftur og aftur að lenda í þessu hér, ættu að kynna sér grundvallarhugmyndir, af því að það er alltaf verið að tala um siðferði í stjórnmálum.

Við erum hér búin að skrifa undir siðareglur og ákveðin vinnubrögð og svo framvegis, það virðir þær enginn hérna. Þið vaðið áfram yfir þetta kerfi og yfir hugmyndir um það á skítugum skónum, ég leyfi mér að segja það, á skítugum skónum. Þið hagið ykkur alveg eins og bara ábyrgðarlaus minnihluti í því, á

Bstj. 17. ágúst 2011

meðan að við eigum og gerum það, höldum trúnað um gögn. Það sem fer fram á fundum er ekki trúnaðarmál nema að það henti ykkur. Tölvupóstur frá borgarstarfsmönnum hér á skrifstofu borgarstjóra hafa verið lesnir hér upp og það er bara engin virðing fyrir því að það eru ákveðnar reglur í því. Þannig að borgarfulltrúi Einar Örn Benediktsson, þetta bréf er ekki sambærilegt við það bréf sem var sent okkur hingað, með engum hætti, þó að það hljómi vel fyrir ykkur pólitískt að reyna að leggja það þannig upp og fyrir utan það og það er þá gott að vita af því og ég legg til og óska eftir því, að fyrst að menn hafa unnið þetta með þessum hætti þá verði öll þessi gögn lögð fram og gerð opinber á næsta fundi borgarráðs, bæði frá 2010 og 2011.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir lokið máli sínu. Og óskað hefur eftir því borgarfulltrúi Einar Örn Benediktsson að veita andsvar við ræðu.

Bstj. 17. ágúst 2011

**1. mál Frumvarp að þriggja ára áætlun Reykjavíkurborgar 2012-2014; síðari umræða**

**Einar Örn Benediktsson:** Hanna Birna Kristjánsdóttir vitnar hérna í það sem að var í blöðunum um daginn. Ég sá það og síðan sá ég leiðréttinguna á því. Aftur á móti að það sem ég var að vitna í hérna er við ákvörðun við viðurlög er höfð hliðsjón af því að útgefandi hefur áður fengið áminningu frá Kauphöllinni fyrir að birta ekki ársreikning sinn opinberlega innan þeirra tímamarka sem reglur Kauphallarinnar kveða á um. Það sem ég er að vitna í er af blaði sem að er um að næst áminni þeir Reykjavíkurborg opinberlega. Þá er það voðalega skrítið að ég vilji bara fá að vita, ég fékk að vita að það hefði verið áminnt áður og ég er bara að lesa þetta blað hérna upp.

Ég er ekki að brjóta neinn trúnað. Ég er bara að benda á mjög einfaldan hlut að stundum koma áminningar og þá á að vinna úr þeim. Og það var það sem að ég var að benda á að þegar að unnið er úr þeim, við fengum þarna févítí, þá er það bara vítí til varnaðar og láta það ekki gerast aftur og það er það sem ég er að benda á. Ég er ekki að álasa, ég er ekki að kasta úr glerhúsi steinum eða nokkrum sköpuðum hlut, ég er bara að tala um þetta. Takk fyrir.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Einar Örn Benediktsson lokið við að veita andsvar. Þá svarar andsvari borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir.

## **1. mál Frumvarp að þriggja ára áætlun Reykjavíkurborgar 2012-2014; síðari umræða**

**Hanna Birna Kristjánsdóttir:** Forseti, borgarfulltrúar. Það er einmitt málið. Þegar að við fáum áminningu þá bregðumst við við því. Nú er borgarfulltrúi Einar Örn Benediktsson í meirihluta og þegar að hann fékk bréfið sem er óopinbera áminningin, þá átti hann að bregðast við því. Þá hefði hann ekki fengið opinbera áminningu og fjársekt. Það er þess vegna sem er brugðist við því vanalega, til þess að fá ekki fjársekt og til þess að fá ekki opinbera áminningu, það er munurinn. Og borgarfulltrúinn getur hlegið eins mikið og hann vill af því. En það er bara að koma upp aftur og aftur og segja; við bregðumst auðvitað við því. Það var ekki brugðist við því. Þess vegna fengum við opinbera áminningu og fjársekt. Það hefur aldrei áður gerst. Og það hefur heldur aldrei áður gerst að ráðuneytið hafi gert athugasemdir vegna 3ja ára áætlunar. Aldrei áður gerst.

Og þegar að ég sagði við borgarfulltrúann að þessi gögn sem að hann er að lesa hér uppúr og svo segir hann; ég er ekki að brjóta neinn trúnað, ég er ekki að því, ég er bara að lesa hér uppúr einhverjum gögnum. Í þessum gögnum sem eru opinber, sem er opinbera áminningin þar kemur þetta ekkert fram um bréfaskiptin sem voru á milli Reykjavíkurborgar árið 2011, þar sem kemur ýmislegt fram um samskipti sem við sannarlega þurfum að bæta eða um þessa óopinberu áminningu frá árinu 2010. Hitt er opinbert það er munurinn. En það breytir engu um það að það er hvorki í tilvikinu 2010 eða einhverjum tilvikum þar áður þegar að menn fá stjórnsýslulegar áminningar sem hefur auðvitað oft gerst, það er ekkert trúnaðarmál í kringum það.

Ég var bara að vísa til þess að þegar að við vorum í borgarráði um daginn, þá er bréf sem er lagt fram af hálfu borgarstjórans sjálfsagt í þessu tilviki, samskipti á milli Kauphallar og Reykjavíkurborgar um þessar opinberu fjársektir sem auðvitað Reykjavíkurborg vildi komast hjá, sem eru afar vandræðaleg fyrir Reykjavíkurborg, því miður. Og bara eðlilegt að halda því hér á skrifstofu borgarstjóra. Hann er góður í að halda utan um slík bréf örugglega.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir lokið við að svara andsvari. Þá óskar borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson eftir að tala.

**1. mál Frumvarp að þriggja ára áætlun Reykjavíkurborgar 2012-2014; síðari umræða**

**Dagur B. Eggertsson:** Forseti, ágæta borgarstjórn. Vegna þeirra orða sem hér hafa fallið um leynd og trúnað yfir bréfum frá Kauphöllinni að þá var áminningarbréf Kauphallarinnar lagt fram og þar með gert opinbert á borgarráðsfundi 8. ágúst sl. og engin leynd yfir því. Hins vegar var bréfið sem Hanna Birna Kristjánsdóttir þáverandi borgarstjóri fékk á síðasta ári aldrei lagt fram og ekki kynnt svo að ég viti fyrir öðrum borgarfulltrúum. Og ég get ekki fundið þeim skilningi stað sem hér er borinn fram að sú áminning sé í eðli sínu eitthvað frábrugðin áminningunni í ár.

Þær eru báðar settar fram vegna þess að ársreikningur dróst. Eina ástæðan fyrir því að hún er opinber í ár og fylgir févítí er vegna þess að þetta var ítrekað brot. Okkur var raunar ekki ljóst af því að þetta var nú ekki af illum hug heldur vorum við í þeirri trú að Kauphöllin væri bæði kunnugt um að við yrðum sein og það væru ekki gerðar við það athugasemdir við það í ár. Ég hef ekki heyrt af svipuðum samskiptum á síðasta ári. En mér finnst þetta ekki rétt lýsing á eðli þeirra áminninga. Og leiðréttingin sem ég sá í blöðunum á molunum frá degi til dags í Fréttablaðinu, svokölluð leiðrétting var röng, vegna þess að ég fæ ekki betur skilið en að þetta séu nákvæmlega sambærilegar áminningar, en önnur er auðvitað við ítrekuðu broti.

Síðan vil ég einfaldlega vara við því að menn fari að tíðka það hér að tala um einhvern vandræðagang eða einhverja hluti í stjórnsýslunni og beina spjótum sínum að embættismönnum sem eru að gera sitt besta, eins og fram hefur komið, vegna þess að embættismenn geta eðli málsins samkvæmt ekki verið hér til svara.

En áminningunni fylgdi févítí vegna þess að þetta var ítrekun. Hún var hins vegar ekki opinber í fyrra skiptið, en mér hefði þótt eðlilegt að hún hefði verið kynnt. Og hugsanlega er ástæða þessa að bréfið barst 14. júní, eða hvenær það var, þannig að það lenti svona á milli vita um það leyti sem það voru meirihlutaskipti. En það er alveg sjálfsagt að verða við því að leggja fyrra bréfið fram, en það síðara var sannanlega lagt fram í borgarráði á fundi þess 8. ágúst og yfir því er enginn trúnaður né heldur hinu vegna þess að það er hvorki merkt trúnaðarmál,

Bstj. 17. ágúst 2011

heldur eru opinber gögn sem að allir geta auðvitað fengið aðgang að úr skjalasafni Reykjavíkurborgar ef þeir vilja.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson lokið máli sínu. Og óskað hefur borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir eftir að veita stutta athugasemd.

Bstj. 17. ágúst 2011

**1. mál Frumvarp að þriggja ára áætlun Reykjavíkurborgar 2012-2014; síðari umræða**

**Hanna Birna Kristjánsdóttir:** Forseti, borgarfulltrúar. Ekki það að þetta skipti neinu sérstaklega stóru máli. Þetta breytir því þó ekki að það er rétt eins og Dagur B. Eggertsson segir. Þegar að bréfið barst hér á sínum tíma 2010, fjórum dögum áður heldur en að nýr meirihluti tók við, þá var við því brugðist. Og það er alveg rétt eins og Dagur B. Eggertsson segir; að við höfum, ég meina við erum löngu búin að afgreiða 3ja ára áætlun, löngu búin að afgreiða hana fyrir þennan tíma. Síðan gerist það að þegar að við fáum núna opinbera áminningu og fjársekt, var áður búið að senda okkur bréfið. Bréfasamskipti voru á milli borgarinnar og þessara aðila þar sem að meðal annars kemur fram að borgin telji sig vera búna að fá leyfi frá Kauphöll til þess að skila þessu ekki alveg strax. Þá svarar Kauphöllin og segir: „Sá aðili sem svaraði ykkur hefur ekki umboð til að veita slíkt leyfi.“

Þannig að það var ekki orðið við því með þeim hætti. Og þess vegna kemur í kjölfarið opinber áminning og fjársekt. Vegna þess að það var ekki orðið við fyrra bréfinu sem var samskonar bréf og árið 2010 um það að það bæri að fara skila því [forseti hringir bjöllu]. Það er ástæðan. Þannig að þetta er algjörlega ólíkt en það er alveg rétt að í báðum tilvikum var borgin vöruð við. En í fyrra tilvikinu var brugðist við.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir lokið við að veita stutta athugasemd. Og þá veitir borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson athugasemd.

Bstj. 17. ágúst 2011

**1. mál Frumvarp að þriggja ára áætlun Reykjavíkurborgar 2012-2014; síðari umræða**

**Dagur B. Eggertsson:** Forseti, ágæta borgarstjórn. Hér er greinilega mismunandi skilningur á þessu. En við skulum bara leggja þessi bréf fram í borgarráði og fá úr þessu skorið. Því að ég man ekki betur en að í hinu fyrra bréfi hafi líka komið fram að þar hafi verið kallað eftir skýringum og þær ekki teknar gildar þannig að áminningin var fyrst og fremst vegna þess að ársreikningur var seint á ferðinni, við erum ekki að tala um 3ja ára áætlun og þess vegna er þetta nákvæmlega sambærilegt sýnist mér, nema annað er ítrekun en hitt ekki.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson lokið við að veita athugasemd. Næstur á mælendaskrá er borgarstjóri.

Bstj. 17. ágúst 2011

## **1. mál Frumvarp að þriggja ára áætlun Reykjavíkurborgar 2012-2014; síðari umræða**

**Borgarstjóri Jón Gnarr:** Virðulegi forseti, ágætu borgarfulltrúar. Mig langaði til þess að þakka fyrir góðar ræður og athyglisverðar þælingar og nokkur hlýleg orð féllu í minn garð og langar mig að nota þetta tækifæri og þakka fyrir þau. Og ef það er eitthvað eitt orð sem að mér finnst svona standa uppúr eftir umræður dagsins að þá er það kannski orðið sleifarlag sem að er fallett orð, gamalt og gott íslenskt orð sem að stakk mig svolítið og svona rifjaði upp fyrir mér þetta orð. Vegna þess að einu sinni þekkti ég þetta orð en ég var einhvern veginn búinn að glata skilningi á því. Ég held að svona niðurstaðan fyrir okkur öll eftir umræðurnar hljóti að vera að maður á að reyna að gera sitt besta og maður á að reyna að gera vel. Maður á að reyna að forðast að gera lélegt og ég held að þetta ætti að vera okkur öllum mikil hvatning til þess.

Og síðan er mér líka svolítið ofarlega í huga varðandi það þegar að við erum að ræða okkar málefni og þá sérstaklega málefni þessarar borgar að þá langar mig til þess að flagga því að það er enginn sem er eyland. Og það er sama hvar okkur ber niður hvort sem það er hjá ríkisstjórn Íslands, Orkuveitu Reykjavíkur eða efnahagsástandinu á Ítalíu eða bara öllum alheims kapítalísmannum að allt hefur þetta sín áhrif á okkar líf. Hvort sem að við viðurkennum það eða viljum sjá það eða ekki eða hvort að það þjónar einhverjum tilgangi fyrir okkur á hverjum tíma að sjá það eða ekki. Þannig að ég ætla þá ekki að hafa fleiri orð um þetta. Ég ætla nú ekki að lengja þessa umræðu mikið meira. Og ítreka þakkir fyrir hlýleg orð í minn garð. Og legg til að lokum að áætlunin sem hér liggur frammi verði samþykkt. Þakka ykkur fyrir.

**Forseti:** Þá hefur borgarstjóri lokið máli sínu. Fleiri hafa ekki beðið um orðið undir þessum lið og telst umræðu lokið. Þá er borið frumvarp að 3ja ára áætlun Reykjavíkurborgar 2012-2014 [forseti hringir bjöllu]. Þeir borgarfulltrúar sem samþykkja frumvarpið gefi merki. Einhverjir á móti. Frumvarpið er þá samþykkt með 9 atkvæðum. Borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir hefur óskað eftir að gera grein fyrir bókun Vinstri grænna.

Bstj. 17. ágúst 2011

## **1. mál Frumvarp að þriggja ára áætlun Reykjavíkurborgar 2012-2014; síðari umræða**

**Sóley Tómasdóttir:** Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég geri hér grein fyrir bókun borgarfulltrúa minnihlutans Vinstri grænna og Sjálfstæðisflokks. Hún er svohljóðandi, með leyfi forseta:

Meirihluti Besta flokks og Samfylkingar hefur nú uppfyllt kröfur innanríkisráðuneytisins og lagt fram þriggja ára áætlun um rekstur og framkvæmdir Reykjavíkurborgar fyrir árin 2012-2014. Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna gagnrýna harðlega að það hafi þurft áminningu af hálfu ríkisvaldsins til að borgin lyki þessu lögbundna verkefni, sem nú er lagt fram hálfu ári síðar en lög gera ráð fyrir. Afsakanir meirihlutans halda ekki, enda eina ástæða þessara vanskila sú að meirihlutinn hefur hvorki getu né skilning á mikilvægi þess að slíkir grunnþættir í rekstri borgarinnar séu í lagi. En þrátt fyrir að meirihlutinn hafi haft allan þennan tíma hefur áætlunin ekkert gildi, hvorki fyrir borgarfulltrúa, embættismenn, starfsfólk eða borgarbúa, enda koma engar upplýsingar fram um stefnu eða fyrirætlanir meirihlutans á næstu þremur árum. Krafan um vönduð og gegnsæ vinnubrögð er því ekki uppfyllt, né heldur krafan um ábyrga fjármála- og rekstrarstjórn. Vel rekin borg hefur skýra stefnu. Skýra forgangsröðun fjármuna og markmið til lengri og skemmri tíma í öllum málaflokkum. Í Reykjavík hefur ekki verið sett fram nein stefna, heldur eru borgarbúar kynntir fyrir nýjum geðþóttaákvörðunum með reglulegu millibili, þvert á það sem lofað hefur verið og þvert á það sem borgarbúar eiga skilið. Virkt lýðræði krefst þess að íbúar viti af öllum þeim verkefnum sem framundan eru, ella hafa þeir ekki möguleika á að veita eðlilegt aðhald. Svo er ekki nú, heldur koma hugmyndir meirihlutans reglulega fram með skömmum fyrirvara án þess að borgarbúar hafi svigrúm til að bregðast við af alvöru. Meirihluti Besta flokks og Samfylkingar hefur með framlagningu og samþykkt þessarar þriggja ára áætlunar afhjúpað metnaðar- og virðingarleysi gagnvart verkefnum borgarinnar, borgarbúum og lýðræðinu.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir lokið við að gera grein fyrir bókun. Fleira liggur ekki fyrir á þessum fundi og er honum slitið kl. 16.11.